

Heiðarvíga saga

Heiðarvígá saga

1. kafli

deperditi illius Fragmenti membranacei Historiæ Styrianæ, conscriptum primó Hafniæ Anno MDCCXXIX, deinde vero notis qualibuscunque et appendice Historico aliquantò auctius redditum Anno MDCCXXX Lectori Salutem.

[Á íslensku: Inntak hins glataða skinnbókarbrots Styr's sögu, ritað fyrst í Höfn árið 1729, en síðan skrifað upp árið 1730 að viðbættum nokkrum athugasemdum og viðauka sögulegs efnis. Lesara heilsan.]

Hér skrifast inntak þeirrar membranæ sem á var fragmentið af Vígá-Styr's sögu hveurrar appendix að er Heiðarvígá saga. Sú membrana var léð af svenskum ass. Árna Magnússyni og skrifaði eg hana upp fyrir hann um áramótin 1727 og -28. Hún var so í hátt: tvö örk í quarto samantfest með hampþræði, voru 8 blöð í öðru en 4 í öðru. Sumstaðar lítið máð en mjög mikið á seinustu blaðsíðunni. Lemmata [þ.e. fyrirsagnir] voru rauð en numerus capitum [þ.e. kapitúlatala] enginn. Hún var með góðu og jöfnu settlettri, mjög eftir latínu prentstafaformi, rituð hér um 1360 að því er ass. Árni sagði. Með hans bókum brann hún síðan í Kaupinhafnar eldsbrunum 1728. Það sem undangekk berserkja drápinu og þar til er Þórhalli kom í sakir við Styr man eg eigi glöggvara en hér er sett. Af historiunni um víg Styr's, atrekandanum til þess og hefndunum eftir hann, er án efa engu gleymt, því er í membrana stóð, og eigi fjærri því niður raðað efninu. En hversu Heiðarvígín hnýttust þar við, var so, eður mjög líkt því sem hér greinir. Um nöfn þeirra manna sem lítið koma við söguna hefi eg um getið hvar eg eigi man þau glögg, so og um bæjanöfn. Var mér ei auðvelt þau að muna því eg hefi hverki verið í Eyrarsveit né þar í Borgarfirði sem sagan mest um getur og eru þær sveitir so að segja mér alls ókunnar. Eg las og ekki membranam yfir oftar en í því eina sinni er eg skrifaði hana upp og er nú síðan heilt ár og nokkrir mánuðir. Var mér þá annara að lesa hana rétt en setja ríkt á mig sögunnar efnis. Þar til vissi eg mér víst að rita enn þá annað exemplar af henni á nýjan leik. Þetta hefi eg helst þar fyrir uppteiknað að menn nærri lagi viti hvað mikið þetta fragment innihélt og hvílikt innihaldið hafi verið, þeim til vilja er það eigi forsmá heldur vel virða hvers eg vænti.

Þeirra þénustuviljugur vin

Jón Ólafsson

Hér kemur síðan endursögn Jóns ásamt athugasemdum hans sem auðkenndar eru með smærra lettri og svigum. Auk þess að lesa handritið samdi Jón lista yfir sjaldgæf orð og orðasambönd í því og er þeim skotið inn í textann á viðeigandi stöðum og auðkennd með skálettri.

Fragmentið byrjaðist so:

2. kafli

Atli stóð í dyrum úti og var hann veginn af manni nokkrum sem deildi við hann af einum langási (man eg eigi hvert sá var þræll Atla). Reiddi hann burt á sinn. Þar með endaðist sá capituli.

3. kafli

Þar næst getur um að Styr vo þennan sama mann (að mig minnir) og að hann hétí Þormóður (kannske, og so minnir mig, hann hafi heitið Þorbjörn og sé sá sem Landnáma um getur p. 53, bróðir Kleppjárns en Þórdís systir þeirra, kannske hafi verið móðir Gests, og hann nefnist þar Þorgestur. [Síðar bætir Jón við með blýantsyfyrstríkun:] og nú minnir mig að málsháttur Styr's upp á hótanir Borgfirðinga eigi hér heima, og víst er það að hann á ei vera svo seint sem hann er hér settur) eður þvílíku nafni. Vildi sá forðast Styr og hafði vara á sér. Var hann tekinn til að færa sig úr byggðinni er Styr frétti til ferða hans. Tók hann sig þá heiman með fjóra menn og reið af stað um nóttina eður í dögum. Spurði hann upp náttstaði hans í tveim stöðum. Vildu þó báðir þeir bændur leyna manningnum. Reið Styr so upp veg eftir hönum. Þetta var á einu kveldi. Mætti hann þá mönnum sem sögðust hafa séð menn ríða fyrir utan almenningsveg. Hvataði Styr þá eftirreiðinni og varð var við mennina í víðirkjörum nokkrum eður kvosum skammt frá veginum. Reið hann þegar þar að og fóru eigi mörg orð milli þeirra áður Styr vo hann og var hann götvaður þar við veginn (segir sagan).

4. kafli

Vermundur hét maður, kallaður Vermundur hinn mjóvi. Hann bjó í Ísafirði á bæ þeim er Laugaból heitir (það mun heldur hafa verið í Vatnsfirði, því Eyrbyggja saga, cap. 38, getur ei um að Vermundur hafi búið þar fyr en hann fylgdi Snorra til Borgarfjarðar um vorið eftir er Styr var veginn, og eftir Grettis sögu, cap. 51 (calculo [þ.e. að reikningi] Þormóðar 1018, þá Grettir kom þar vestur), en það er Eyrbyggja saga, cap. 14, segir hann hafi búið í Hraunhöfn þá hann fékk berserkina (því hún lætur hann hafa tekið þar við búi 982 en þegið berserkina 983). Man eg fyrir víst að þessi saga sagði ei heldur á Vestfjörðum þó er Eyrbyggja sögu sögn trúlegri). Sá var bróðir Styr's. Hönum þótti bær sinn lasinn og mjög að falli kominn. Þessvegna fór hann (983) utan til Noregs að sækja sér við til húsabótar. Hákon jarl réði þá í Noregi. Vermundur hitti á þar hann sat um veturinn. Brátt kom hann sér í vingu við jarlinn og gaf hönum gráfeldi og skinnavöru sem hann hafði með sér fært. Þar var hann um veturinn með jarli í góðri vináttu.

Berserkir tveir voru með hirð jarls. Hét sá eini Halli, annar Leiknir. Hann var þeirra yngri (Eyrbyggja saga, cap. 14, segir þeir hafi verið svenskir að kyni því Eiríkur hinn sigursæli Svíakóngur hafði sent þá jarlinum). Hafði jarlinn þá til stórvirkja því þeir voru menn miklir fyrir sér, skapstórir og sterkari öðrum mönnum. Væru þeir eggjaðir eður reiðir stóð ekki fyrir þeim og kom þá að þeim slíkur berserksgangur að öngvir menn stóðust. Þótti því flestum ódælt við þá að skipta.

Að vori (984) þá kaupmenn bjuggust til Íslands og Vermundur hafði búið skip sitt kveður jarlinn hann að máli eitt sinn og biður hann mæla til þess í sinni eigu sem hönum leikur helst hugur á. Vermundur svarar að nokkuð sé það sem sér þyki helst gripur í en sé uggandi hvert jarlinn vilji veita sér það. Jarlinn spyr hvað helst það sé. Vermundur segir það vera menn þá tvo hina öflgu sem eru í hirð hans, þyki sér mesta gersemi í þeim ef jarlinn vilji gefa sér því sér sé mikið traust að þeim en hann eigi sökótt víða. Jarlinn svarar að hann hefði ætlað hann mundi til annars heldur mælast og annað væri hönum þarfara því hann þekki so skaplyndi berserkjanna að eigi sé bændum hent að halda þá ef eigi er að þeirra skapi gjört. Muni sér þykja á sinn hluta gjört ef illa er að þeim farið eður veitt nokkur vélræði og býður Vermundi að kjósa annað. En Vermundur vill ei annað þiggja og lætur að þessi vandhæfi séu eigi so mikil að hann geti þá eigi vel haldið fyrir skapsmuna sakir so þeir vel uni. Jarlinn svarar að þá skuli hann þessu ráða en miklu þyki sér varða að vel sé við þá gjört. Heitir Vermundur góðu um það. Og það verður að lyktum að berserkirnir fara með Vermundi.

Gefur þeim vel byri heim um sumarið og tekur Vermundur strax að bæta hús sín og hafði þá til heimilisstarfa. Brátt fannst það á skapi berserkjanna að þeir voru eigi felldir til vinnu en voru fúsir til manndrápa og stórvirkja. Sögðu þeir Vermundi að jarlinn hefði selt sig hönum í hendur til trausts móti fjandmönnum hans en eigi til vinnu. Voru þeir skapstirðir og gjörðust nú ofurefli Vermundar (Eyrb. cap. 14, segir öðruvís frá þessu, nefnilega að Halli bað Vermund að fá sér kvonfang sæmilegt en Vermundur taldist undan og því sló Halli á sig úlfbúð og illindum). Iðrast hann nú að hann beiddi þessarar gjafar af jarlinum og hugsar um hverninn hann geti komið þeim af sér.

Þetta spyrst víða að Vermundur hefur þegið berserkina af jarlinum. Þykir nú óvinum Vermundar hálfu verra á hann að ráða en áður.

Vermundur átti dóttur eina fullvaxna. Halli lagði hug á hana og var oft á ræðum við hana. Þetta rómaðist brátt og verður Vermundur þessa var en lætur sem hann viti eigi.

Um veturinn (en Eyrbyggja, cap. 14, segir að berserkirnir hafi komið til Styr um haustið 984) á útmánuðum sendir Vermundur mann að Hrauni til Víga-Styr bróður síns þess erindis að hann býður hönum að heimboði til sín. Styr tekur því fálega í fyrstu en segir þó hann muni koma, kveður það eigi hafa verið vanda bróður síns fyrri og heldur hér muni nokkuð undir búa því fátt hafði þeirra milli farið þangað til, fer þó heiman með nokkra menn og ríður vestur í Ísafjörð að Laugabóli. Tekur Vermundur hönum forkunnar vel og þakkar hönum komuna. Gistir þar Styr þrjár nætur í góðu yfirlæti. Var það kallað kynnisför (confer [þ.e. samanber] Þórðar hreðu sögu, cap. 5. Eiður varð þessa var að kynnisvist að Reykjum).

Þann dag er Styr vill burtu ríða sitja þeir bræður yfir drykkjuborðum. Eru nú báðir allglaðir og fellur allt vel á með þeim.

Þá mælir Vermundur: "Nú skaltu hafa þökk bróðir að þú hefur eftir bón minni heimsótt mig og þar það hefur ei fyrri verið vildi eg þú nytir þess í nokkru. Hér er gjöf sú er mér sýnist þér vel í hag koma. Það eru berserkir tveir er hér hefi eg með mér. Veit eg að þú átt marga mótgöngumenn og víða árása von."

Styr mælti: "Þetta er mikill skenkur og af því eg veit það ei í minni eigu er þessu sé jafnvægt þá kann eg þér eigi betri laun en eg gefi þér þessa berserki aftur so þú njótir þeirra best sjálfur."

Vermundur þykkist við og segir hann gjöri eigi rétt að virða illa er hann bjóði hönum til sæmdar so þarfa gjöf.

Styr svarar: "Segðu hitt bróðir að þú iðrast þú hafir við berserkjunum tekið því nú finnur þú þig eigi mann að halda þá fyrir þeirra skapsmuna sakir."

Vermundur segir þá að so er og lætur upp allt hið sanna og biður hann að leysa sig við þetta vandræði. Styr kveðst deigur við þeim að taka því jarlinn sé til eftirmælis ef þá saki nokkuð. Muni hann þó þar að ráða ef þeir vilji sér fylgja og leysa so vandræði hans því sér sé það skyldast. Vermundur verður þessu glaður.

Nú eru berserkirnir kallaðir þangað og spurðir ef þeir vilji Styr fylgja. Segir Vermundur að Styr og þeirra lunderni muni betur saman koma því hann eigi sökóttara en sé skörungur í geði, en sig þurfa heldur að snúast við búskapar annríki. Berserkirnir segja að jarlinn hafi sig hönum alleina fengið til fylgdar en vel og höfðinglega lítist sér á Styr. Þó muni þeir á þetta hætta þar hann lofi að gjöra eftir sínu geði og brúka sig til mannhefnda meir en búsyслу. Verður það af að berserkirnir skulu fara með Styr og skilja nú við Vermund allir.

5. kafli

Þorbjörn hét maður, kallaður Þorbjörn kjálki. Hann bjó í Kjálkafirði (hoc caput cum Eyrbyggja, cap. 15, per omnia concordat [þ.e. þessa atburðar er getið í Eyrbyggju, 15. kafla, en aðeins stuttlega]). Á milli Styr og hans höfðu lengi deilur verið og hafði Styr aldrei náð hefndum á hönum eftir sínum vilja. Nú þótti hönum vel til fallið að brúka berserkina þar til so hann kæmi sér í geðþokka við þá. Segir hann þeim þessa sína fyrirætlan og eru þeir þess allfúsir. Þangað koma þeir á nóttu og berja að dyrum. En af því fólk allt var í svefni var eigi skjótt gengið til dyra. Skipar Styr þá að brjóta upp dýrnar og það gjöra berserkirnir.

Þorbjörn svaf í skála. Hann vaknar við þennan hávaða og spyr hver þar fari með slíkum óspektum og taki hús á fólki um nætur. Styr segist þar vera og nú hafi hann þá menn með sér er þori að sjá hönum í augu og nú vilji hann launa hönum margar skapraunir og hafi það of lengi undan dregist og sé hönum að verða við. Þorbjörn kveðst hvergi mundi flýja né friðar beiðast, segist senn kominn af fótum fram. Þeir megi gjöra hvað þeir geti. Hann vilji taka við eftir föngum.

Þorbjörn lá í lokrekkju rammlegri. Hleypur hann nú upp í sænginni og tekur sverð er þar hékk og varði sig. Styr eggjar nú berserkina stórum og segir það eigi skammlaust að einn maður standi so lengi fyrir þeim. Og við þessi eggjunarorð verða berserkirnir óðir og brjóta lokrekkjuna að Þorbirni en hallmæla Styr að hann eggji sig en vogi hvergi sjálfur nærri að koma. Styr gengur þá fram í ákafa og sækir að Þorbirni og so lýkur að Styr leggur hann í kviðinn so hann fellur.

Geðjast nú berserkjunum vel að framgöngu Styr og segjast gjarnan vilja fylgja so djörfum höfðingja. Ríða nú þaðan og lýsa víginu (getur um náttstaði þeirra í sögunni. Voru þeir fjórir (að mig minnir) og einn í Ljáskógum). Koma nú heim að Hrauni og geðjast nú hverutveggi vel að öðrum og þykir þeim Styr góður og röskur foringi. Stóð nú eigi minni ótti af hönum en áður og þótti óvinum Styr hann nú allóárennilegur. Líður nú af veturinn.

Styr átti dóttur eina gjafvaxta er Ásdís hét. Leiknir (Halli, segir Eyrbyggja saga, cap.16), sá yngri berserkurinn, lagði það í vanda sinn að hann sat löngum á tali við hana og að tafla. Tók þá mönnum til að verða margrætt um þetta og kom það fyrir Styr en hann kvað það engu varða og lét sem hann ekki vissi þó hann það vel sæi.

Nokkrum tíma síðar talast þeir við berserkirnir og Styr. Spyr hann hversu þeim getist að sínu haldi. Þeir láta vel yfir og segja sér þyki hann vera höfðingi þeim til hæfis. Falla þá so orð í þeirra tali að Styr spyr hvert þeir vilji ei leita sér nokkrar staðfestu og kvonga sig. Leiknir svarar að eigi sé það sér fjærri. Styr spyr hvar hönum renni hugur til. Leiknir svarar það muni helst í hans valdi. Styr svarar að þó hér væri nokkur ójöfnuður á þá félli sér hann vel í geð og mætti það enn nú reynast betur. Styr spyr og Halla hvert hönum standi hugur til nokkurrar konu (segir sagan). Halli segir það vera.

Styr spyr: "Hvar?"

Halli segir Vermundur eigi þar svörum að ráða og mundi það með hans aðfylgi takast mega. Styr tekur engu fjærri og fella nú þetta tal um sinn. Skömmu síðar vekur Leiknir sama mál.

Styr mælti: "Til skapsmuna ertu mjög við mitt lyndi en þess skaltu gæta að þú hefur ekki fé móti að leggja."

Leiknir svarar: "Þó eg sé maður félaus þá kann vera eg geti unnið þau verk þér til vilja sem aðrir menn fá ei orkað og með því móti leyst mig frá fjártillagi en verið þér jafnan hér eftir til liðs með Halla bróður mínum. Átt þú mótstöðumenn marga og er þér því þörf traustra manna en þú fáir mér bólfestu nokkra."

Styr kvað það satt vera því sér væri stórt traust að þeirra gjörvugleika og vildi hann gjöra þar nokkra tilraun á áður. Þykir nú berserkjunum eigi óvænlega á horfast.

Um vorið (985) ríður Styr út að Helgafelli til Snorra. Vinátta var þá góð þeirra á millum. Gekk Snorri á veg með hönum og ræddust þeir við allan daginn en enginn maður vissi hvað þeir töluðu eður hvaða erindi Styr átti við Snorra.

Eru berserkirnir mjög eftirleitnir um konumálin og einna mest Leiknir. Styr segir hann verði að sýna nokkurt þrekvirki áður. Leiknir læst þess alþúinn og spyr hvað það sé.

Styr mælti: "Hér er hraun hjá bæ mínum illt yfirreiðar. Hefi eg oft hugsað að eg vildi láta gjöra veg þar um og ryðja það en mig hefur skort mannstyrk. Nú vildi eg þú gjörðir það."

Leiknir segir það þyki sér eigi mikið fyrir ef hann njóti liðs Halla bróður síns. Styr sagði hann mætti það við hann eiga.

Taka nú berserkirnir að ryðja hraunið að kvöldi dags og að þeirri sýslan eru þeir um nóttina. Vega þeir stór björg upp þar þess þurfti og færa út fyrir brautina en sumstaðar koma þeir stórum steinum í gryfjurnar en gjöra slétt yfir sem enn má sjá. Var þá á þeim hinn mesti berserksgangur. Um morguninn höfðu þeir því lokið. Er það eitt hið mesta stórvirki er menn vita og mun sá vegur æ haldast með þeim ummerkjum sem á eru meðan landið stendur.

Skulu þeir nú gjöra eitt gerði og hafa því lokið að dagmálum. Á meðan býr Styr þeim það sem þeir skulu í fara þá þeir hafa af lokið gerðinu. En að morgni skal Leiknir hafa brullaup. Baðið var so til búið að þar var felldur stór hlemmur ofan í gólfið með einum glugga á sem vatninu var inn um hellt. Húsið var grafið í jörð og voru dyr fyrir því með sterkum stokkum og húsið allt af nýjum viðum og hið rammyggilegasta. Skarir voru fyrir dyrunum upp að ganga.

Um morguninn þá þeir eru að gerðissmíðinni lætur Styr Ásdísi búa sig sem allra best en bannar henni að vara berserkina við hvað hann hafi í ráði. Og áður en þeir hafa lokið gerðinu gengur hún burt frá húsunum á svig við berserkina þar þeir eru að sínu starfi. Leiknir kallar til hennar og spyr hvert hún vilji. Hún svarar engu.

Þá kvað Leiknir vísu þessa (hún er so eftir Eyrbyggja sögu og so minnir mig vísan væri en hvert hin sem í Eyrbyggju eftir fylgir var þar minnst eg ei):

Hvert hafið, Gerðr, um gjörva,
gangfögr liðar hanga,
ljúg vætr að mér, leygjar
línbundin, för þína,
því að í vetr, hin vitra,
vangs sákat þig ganga,
hirðidís, frá húsi,
húns, skrautlegar búna.

Nú hafa þeir af lokið þessu starfi. Gengur Styr í móti þeim, þakkar þeim með fögrum orðum fyrir starfið og segist nú hafa búið þeim það er þeir skuli í fara. Hafi þeir nú það þrekvirki unnið er sér allvel hugnist og uppi muni verða um alla ævi.

Halli er í fyrstu eigi ráðinn að ganga í það og spyr ef eigi skuli fleiri ganga í þaðstofu með þeim. Styr svarar það muni eigi hent öðrum mönnum að ganga í það ásamt slíkum afarmönnum sem þeir eru. En Leiknir vill gjöra það að vilja Styr.

Nú setjast þeir í baðstofu og er hlemmurinn lagður yfir og borið grjót á. Dyrnum er og lokað og borið grjót fyrir sem rammlegast en á skarirnar er breidd blaut uxahúð. Baðstofan er gjörð ákaflega heit. En þá þeir hafa setið í baðinu litla stund lætur Styr bera sem óðast brennheitt vatn og steypa inn um glugginn. Finna nú berserkirnir að eigi er allt heilt við þá. Hamast þeir nú í baðinu og brjótast á hlemminn. Springur Leiknir inni en Halli kemst út. Og er hann kemur á skarirnar verður hönum fótaskortur og fellur á húðinni en Styr er þar fyrir með reidda öxi og höggur á háls hönum so Halli lét þar lífið.

Að þessu verki unnu lætur Styr leiða heim þjóra tvo tvævetra og höggur þá því það var trúa í þá daga að ef so væri gjört yrði ei af eftirmálum. Spurðist þetta víða og ræddu menn misjafnt of víg þessi (segir sagan).

Skömmu síðar (985) gifti Styr dóttur sína Snorra goða og varð hann við þær tengdir traustari móti óvinum sínum.

6. kafli

Nú vaxa so metorð og yfirgangur Styrs að flestum stóð mikill ótti af. Þótt hann vægi menn bætti hann engu og urðu flestir so að láta vera sem hann vildi því engi fékkst réttur yfir hönum. Stóðu margir ríkir menn að hönum, vinir og mágar, so fáir þorðu að veita hönum nokkrar tilgjörðir.

Maður hét Einar (minnir mig). Á hann taldi Styr nokkrar sakir og lét dómendur dæma sér stórar fébætur. Þessi maður átti Akureyjar á Breiðafirði. Sló Styr á þær eigu sinni en engi mælti á móti. Flúði maðurinn af búi sínu og duldist um sumarið hingað og þangað í Breiðafjarðareyjum. Um veturinn fór hann út á Mýrar og skaut Þórhalli á Jörva skjóli yfir hann og annar bóndi þar nálægt á Járngerðarstöðum (minnir mig). Héldu þeir hann til skiptis um veturinn.

En um vorið eftir vildi hann flytja sig suður til Borgarfjarðar og hafði einn eður tvo húskarla með sér og fáeina klyfjahesta. Styr hélt spurnum fyrir þessu og reið heiman við nokkra menn og varð vís hvar hann hefði verið um nóttina. Reið hann eftir hönum upp frá bæjum og sá á einum litlum hálsi til manna undan sér. En þá þeir urðu varir við eftirreiðina fóru þeir af almenningsvegi. En af því þeir fóru með klyfjahesta en hinir riðu lausu og ört á eftir bar brátt saman með þeim. Lét maðurinn húskarlana undan fara og meinti Styr mundi heldur eftir þeim ríða. En Styr þekkti manninn og snýr af brautinni eftir hönum. Þar var mýrlendi er þeir hittust so ei varð greiðriðið.

Styr spyr hvað valdi þessu fyrirtæki hans að flytja sig úr byggðum eður því hann hafi fyrir sér dulist. Hinn svarar að flestum sé kunnugur ofsi hans og yfirgangur og hafi hann skilið margan við líf sem hann hafi lagt minni þykkju á. Styr segir hann beri sök á baki sér með þessu fyrirtæki og hafi hann nógar sakir til að drepa hann og þess erindis sé hann kominn.

Maðurinn hleypur af hestinum og vill taka til fóta og renna undan. En það varð torsótt því mýrin var blaut og féll hann í henni enda voru hinir fleiri er eftir sóttu. Verður það skilnaður þeirra að Styr vegur hann þar, dysjar og lýsir víginu síðan. Þá kvað Styr vísu (í hverri hann segist nú hafa vegið þrjátíu og þrjá menn (að vísu, eður þrjátíu og sex. Þó minnir mig að hið fyrra staði í sögunni) sem hann hefði eigi fébótum bætt. Og svo varð um þetta víg).

7. kafli

Nú telur Styr fullar sakir á þá báða, Þórhalla og hinn, er haldið hafa áðurgreindan mann. Áttu margir hlut þar að til friðstillingar. Verður hinn bóndinn fyrir fjárútlátum en af því að Styr þótti Þórhalli hafa átt hér meira hlut í þá krefur hann af hönum meiri bóta. Gjörist sá sami á máli þeirra að Þórhalli skal standa hönum kost þá hann vill hjá hönum gista, hvert sem hann fer frá eður til eður hvað marga menn sem hann með sér hefur. Heitir Þórhalli þessu því hönum leist þungt að etja kappi við Styr. Líða nú nokkrir tímar að so fer fram en Styr þóttist hafa þeim í veitt það er hann lét þá lífi halda.

8. kafli

Þau tíðindi gjörðust eitt haust að miður heimtist af fjöllum en vant var þó vandlega væri leitað. Kenndu menn þessar illar fjárheimtur útileguþjófum nema ef einhverjir væru í byggð þeir er þessu yllu en það varð þó ei uppvíst. Styr var þar mestur sveitarhöfðingi og setti hann þau lög með fremstu bændum að hver maður skyldi eitt auðkenni brúka á fé sínu og sýna nágrönnum sínum.

Sumarið eftir ber so við eitt sinn að von er á Styr til Jörva. Þar var einn alinn hrútur sem á sumrum gekk í töðum og tünnum ómarkaður því hann var alltið heima við bæ og gekk eigi með öðru fé. Hann var glettinn við vinnukonur og spillti oft mjólk þeirra. Lögðu þær til hann væri slátraður að fagna Styr með, því hann var vel feitur. Það þótti hendi næst og á það féllst húsfreyja sem (minnir mig) Þorgerður hét. Var nú so gjört.

Styr kemur og gistir þar um nótt. Er hönum gjörður góður beini sem vant var. Að morgni áður Styr vill burt, ganga þeir til dagverðar. Er nú slátrið af hrútnum borið fram og fylgdi þar höfuðið með. Og þá þeir sitja að borðum tekur einn Styrs manna höfuðið upp og segir þetta sé geysifeitur sauður.

Styr lítur til og skoðar höfuðið og mælir: "Þetta er furðu mikið höfuð eður sýnist öðrum sem mér að ekkert er auðkenni á eyrum?"

Þeir segja so vera.

Styr mælti: "Veistu það eigi Þórhalli að vér sveitarhöfðingjar höfum í lög sett að hver maður hafi eitt mark á fé sínu, en þetta er ómerktur sauður?"

Þórhalli kveðst það vel vita en segir að sauður þessi hafi gengið heima í töðum síðan hann var lamb og hafi menn því eigi hirt að leggja mark á hann. Styr mælti að samt hefði hönum borið að sýna hann nágrönnum sínum so þeir beri vitni hér um. Þórhalli segir að hverki þeim né öðrum sé það dult því sauðurinn hafi helgað sig hans eign þar hann hafi heima við bæinn gengið fyrir allra augum óátalið. Styr segir að það hæfi þó ei að bændur kasti orðum sveitarhöfðingja undir fætur sér so gálauslega og hafi hann oft eigi látið minni sakir óhegndar.

Þorgerður kemur að í þessu og segir að það sé ójöfnuður stór að Styr kenni bónda sínum þjófnað og launi þanninn góðan greiða sem menn hans hafi oftsinnis illa þegið. Verður hún óðamálug mjög en Styr svarar fáu en safnar reiði og segir hann muni eigi líða bændum lagabrot órefsað og so kunni hér að verða. Skiljast þeir síðan og líkar hverutveggjum allilla.

Nú hugsar Þórhalli um þetta mál og þykir þungs að von þar sem Styr á hlut að. Mágar og frændur hans voru í Borgarfirði. Fer hann suður um haustið seint og spyr þá ráða, Kleppjárn, Illuga svarta og Þorstein Gíslason mág sinn. Þeir ráða hönum að færa sig burt úr héraðinu og sæta eigi lengur álögum Styrs því eigi megi vita nema hann bíði líftjón af hans völdum og bjóða þeir hönum þangað suður til sín so hann sé óhultari fyrir Styr og skuli hann flytja sig að vori. Þetta boð þekkest Þórhalli og þykir

allgott ráð, fer heim til sín vestur og lætur ekki á þessari ráðagjörð bera. Og líður nú so af veturinn.

Vorið var kalt og vindasamt og víða hart milli fólks. Var því illt til hesta og komu grös seint upp. Lætur Þórhalli ekkert á sínu áformi brydda og bíður fram til þings þar til Styr er riðinn heiman og vill þá flytja allt sitt suður. En Styr fær þó njósnir hér um. Nú spyr Þórhalli að Styr er heiman farinn. Og hér um eftir tvo daga (að mig minnir) tekur hann sig upp og flytur nú fyrst búsgögn sín. Hefur hann meðferðis níu klyfjaða hesta og einn húskarl með sem Ingjaldur hét. Ætlar hann í næstu ferð að flytja sig alfarið með konu og börnum.

Styr hefur fengið grun af fyrirætlun Þórhalla, snýr af vegi sínum og sest í veg fyrir hann sunnan í heiðarbrekkunum þar hann veit að leið Þórhalla liggur um. Styr reið við fimmta mann.

Nú kemur Þórhalli með húskarli sínum vestan af fjallinu ofan í brekkurnar. Húskarlinn var betur skyggn en Þórhalli og segist sjá þar menn í einni brekku og segist ugga hvert allt muni trútt og mætti vel ske að hér væri Styr. Þórhalli segist vera fyrir því óhræddur. Þá þeir koma nokkru nær segist Ingjaldur þekkja að þetta er Styr og muni hann hafa eitthvað illt í sinni þar hann hagi so ferðum sínum og telur besta ráð að þeir snúi aftur því þó þeir hafi hesta lúnari þá megi enn vel takast að ríða undan þeim vestur af fjallinu og þá verði þeim nóg til mannastyrks. Þórhalli vill það eigi og segist aldrei skuli so hræddur að hann renni undan mönnum þó fleiri séu og bindi so með hræðslu sakir að sjálfum sér. Viti hann ei heldur að hann hafi gjört þær sakir við Styr að þess séu verðar að hann leiti eftir bana sínum. Ingjaldur vill samt til baka ríða því hann hafi skjótari hest og afla sér manna ef þeirra kunni að þurfa sem sér sýnist og viðskipti þeirra yrðu ei so skjót. Þórhalli segir hann megi því ráða því ef Styr hafi víg í hug muni hann eftir sér sækja heldur en hönum. Ríður nú Ingjaldur til baka það hraðast hann getur en Þórhalli rekur áfram hestana sína leið og lætur sem hann verði þeirra eigi var.

Þegar þeir sjá Þórhalla skunda þeir á hesta sína og ríða í veg fyrir hann. Mætast þeir Styr og heilsar Þórhalli hönum vingjarnlega. Styr spyr hvað valdi þessum tiltektum hans er sér lítist hann vilji flytja sig úr héraðinu. Þórhalli segist því sjálfur ráða þó hann leiti sér betri bólfestu en kveðst ei kunna skil á því að hann mætir Styr hér. Styr segist so hafa til ætlað að þeir fyndust hér og að það yrði fundur þeirra hinn seinasti. Þórhalli segist ei vita sig hafa það til saka gjört að hann þurfi að banna sér leið sína og eigi vænti hann þess að hann sitji eftir lífi sínu. Styr mælti að so minntist hann seinasta viðtals á Jörva að eigi þyldi hann hönum lagabrot eður nokkra skapraun við sig og sé nú eigi annar kostur en verja sig. Þórhalli kveðst eigi flýja mundu.

Sækja nú menn Styr að hönum í ákafa en Styr gefur sig eigi að. Verst Þórhalli vasklega og veitir þeim mörg sár en verður ákaflega móður því maðurinn var við aldur. Gengur so nokkru stund að þeir sækja en vinna hann þó eigi og verða allir móðir. Kalla þeir að Styr að hann komi og sitji eigi hjá en selji sig í hættu. Hleypur nú Styr að og skiptast þeir ei mörgum höggum við áður Styr höggur með öxi aftan í höfuð Þórhalla og fellir hann þar, ríður þaðan burt sem skjótast en lætur reka alla hestana heim að Hrauni og fer leið sína til þings og gjörir ekki orð á þessu.

Fréttist þetta nokkru síðar um sumarið í Borgarfjörð og þótti vinum og mágum Þórhalla sér nærri höggvið og fara stór orð frá þeim um haustið. En þá Styr heyrir það kvað hann vísu í hverri innihaldið var orðtækið: Eigi verður það allt að regni er rökkur í lofti og so mundi fara um hótanir Borgfirðinga.

9. kafli

Í þann tíma (1000) gjörðust þau góð tíðindi á landi hér að forn trúá var niður lögð en réttir siðir upp teknir. Létu þá margir ríkir bændur byggja kirkju á bæ sínum. Þeirra einn var Styr og lét hann kirkju reisa undir Hrauni. Sú var trúá á þeim tímum að sá er kirkju lét gjöra ætti ráð á so mörgum mönnum að kjósa til himnaríkis sem margir gætu staðið innan kirkju hans (confer [þ.e. samanber] Eyrbyggja sögu,

cap. 34).

Þórhalli lét tvö börn eftir sig. Hét annað Gestur en annað Áslaug. Voru þau bæði ung þá faðir þeirra var veginn. Varð því eigi að eftirmálum og líða nú so tímar.

Gestur var smár vexti og seinþroska og þótti því mönnum lítil þreks von að hönum. Kom nú sá bóndi að Jörva sem Þorleikur hét og hélt hann samt uppi gistingu við Styr. Óx þar Gestur upp með hönum.

Eftir nokkur misseri ber so við að bændur tveir í Borgarfirði sunnan Hvítá verða missáttir af hestagöngu. Hét annar Halldór er bjó á Ferjubakka. Hinn hét Höskuldur (að mig minnir) er bjó á næsta bæ. Hestar Halldórs gengu oft í högum Höskuldar. Og eitt sinn er þeir höfðu gjört þar nokkurn usla varð Höskuldur afar reiður og hljóp heim á bæ Halldórs og illyrtist við hann. Var við sjálft búið þeir mundu berjast en Höskuldur drepa hestana því þeir gengju sér til óhelgis.

Styr var mikill vinur Halldórs. Hann skaut þessu máli undir hans gjörð og því samþykktist hinn. Sendir Halldór boð vestur Styr vin sínum um haustið að semja þessa deilu þeirra á millum. Styr segist koma vilja en verða þó að bíða þess að vatnavextir minnki og ísa leggi. Fer hann nú að heiman um veturnætur. Fylgir hönum Þorsteinn sonur hans sem þá var fullorðinn að aldri og nokkrir menn fleiri. Gistir hann á Jörva sem hann var fyrri vanur þá hann fer suður um.

Tekur Þorleikur vel við hönum og yfir borðum mælti hann: "Það virðist mönnum þú hafir fyrir litlar sakir vegið Þórhalla. Stóð hann þér jafnan fyrir kosti og vissu allir að sú sök er þú felldir á hann var af einfeldni hans en engri tilverknan. Nú eru hér börn hans ung og munaðarlaus eftir. Væri því höfðingskapur að hugga þau í nokkru."

Styr segist vilja sjá sveininn. Er hann nú leiddur fyrir Styr og líst hönum sveinninn smár í augum sér og óvænlegur til hefnda.

Styr mælti: "Eigi hefi eg bætt víg mín hingað til dags og verður það nú hið fyrsta sinn sem eg það gjöri. Í sumar sögðu griðkonur mínar þar vera hrútlamb eitt, grátt að lit, ullarrýjað, er eigi vildi þrífast. Nú sýnist mér það rétt á komið að sveinn þessi hafi lambið í föðurgjöldin en eigi mun hann frekara af mér fá."

Þorleikur mælti: "Þetta er hverki góðmannlega né höfðinglega mælt og hefði eg annarra orða vænt af þér. Er sveininum lítil huggun í þessum svörum."

Styr biður hann að þegja og segir hönum muni hentast að skipta sér ekki af þessu. Muni so hljóta að standa sem hann mælt hefur. Þorleiki þykir ráðlegast að fella þessa ræðu.

Ríður nú Styr þaðan suður á leið en er von hann muni þar gista þá hann fer heimleiðis. Kemur hann á Ferjubakka til Halldórs vinar síns og semur með þeim Höskuldi hestadeiluna bótalaust. Lætur Höskuldur so standa en Halldór gefur Styr að skilnaði góðan hest gráan er þeir Höskuldur höfðu mest um deilt og skiljast þeir með vináttu. Fer Styr leið sína vestur.

10. kafli

Gestur situr nú hugsu um sitt mál (segir sagan). Var hann lítill að vexti og fráfr á fæti. Geymdi hann fjár fósra síns. Dag þann er von var Styr að sunnan sat hann að fé og skefti öxi sína. Varð þá sá viðburður að blóðdropar nokkrir féllu á skaftið. Hann kvað þá vísu. Kemur hann heim síðan og hittir systur sína úti og segir henni frá. Hún segir sér þyki líkast að einhverjum tíðindum gegni og vildi hún það kæmi niður í maklegum stað. Hann kvað enn vísu.

Þá þau eru þetta að mæla þar menn að garði. Eru það Styr og fylgdarmenn hans. Höfðu þeir vöknad í Hítará (að mig minnir) en Styr hafði skúaðan hest (segir sagan) og var því eigi votur. Frost var um daginn. Var þeim beini gjörður, dregnar af þeim brækur og skóklæði og kyndur eldur upp. Styr sat við eldinn. Þar hafði verið höfð soðning um daginn og stóðu hitukatlar utar á gólfinu sem soð var í. Áslaug systir Gests rekur þar í brækurnar og ber út á vegg. Eldahúsið var so lagað að handraðar voru innan veggja so ganga mátti á milli þeirra og veggjanna á baki mönnum. Tvær dyr voru á húsinu. Lágu aðrar út og voru það laundyr. Förunautar Styr segja að sparaður sé eldiviðurinn. Hleypur Gestur út og sópar saman því eldiviðarsorpi er hann finnur, ber inn fullt fang og kastar öllu á eldinn og jafnskjótt öðru fangi. Lýstur þá upp miklum reyk og svælu í húsin.

Hleypur Gestur þá í handraðana kring á bak til við Styr og höggur með öxi af öllu afli í höfuð hönum (1007, því það er eftir þessari sögu seint um haustið en Eyrbyggja saga, cap. 38, og annálar setja víg Styr 1008. Því þar er ei skýrara að orði komist en það hafi verið um veturinn (það var hið seinasta árið sem Snorri bjó að Helgafelli, videatur Eyrbyggja sögu, 1. cit. [þ.e. sjá tilvitnun í Eyrbyggja sögu])) bak við eyrað hægra megin svo í heila stóð og mælti: "Þar launaði eg þér lambið grá," hleypur út laundyrnar og skellir í lás.

En Styr hnígur fram á eldinn. Hleypur Þorsteinn undir hann og þá hann sér að hann er höggvinn til bana og örendur hleypur hann út og þeir allir saman eftir Gest. Gestur rennur undan allt að Hítará. Áin var rend og rann í streng á milli. En með því Gestur var frá stökkur hann yfir ána. Förunautar Styr komast sumir á miðja leið og snúa heim aftur. Þykir þeim illt að etja berum fótum við klakann en Þorsteinn rennur allt að ánni. Stendur Gestur öðrumegin og varnar hönum yfir að komast. Sér Þorsteinn að fjandmaður sinn stendur hinumegin og vofir yfir höfði sér. Er þar vogun til að ráða. Hitt er og hætta að hlaupa á ána og snýr við það aftur.

En bóndi læsti Styr í húsi, meðan þeir eltu Gest, þar til Snorri kæmi og sæi sár hans eftir því sem lög sögðu, og fengu þeir hann eigi. Voru þá send boð Snorra sem skjótast. Hann kom, nefndi votta að sárum Styr og bjó um líkið, fer síðan þaðan og kemur að kveldi til bónda þess er Snorri hét og bjó í Hrossholti, sagðist hafa með lík að fara og það um greiða. Hönum var veittur hann eftir föngum. Líkið hafði dregist nokkuð ofan í Haffjarðará og vöknad til höfuðsins. Var því kyntur eldur upp að þurrka það. Snorri það fólk að hafa kyrrt um sig um nóttina.

Bóndi átti dætur tvær. Hét önnur Guðríður. Hún var sextán en hin fjórtán vetra. Þær hvíldu báðar í einni rekkju. Þá fólk var allt í svefni og góður tími af nóttu tók þeirri eldri so mjög að óróast að hún braust á hæl og hnakka. Hin spyr hvað veldur. Hún segir að hún hafi heyrt mikið sagt af Víga-Styr en aldrei séð hann meðan hann var á lífi. Nú sé sér á engu meiri fýsn en að sjá hann. Hin svarar hún skuli eigi mæla soddan heimsku að vilja sjá hann nú dauðan er mörgum stóð mikill ótti af í lífinu og biður hana hætta þessu tali. Litlu síðar vekur hún sama mál og tekur nú meir að ókyrrast en fyrri, segist aldrei fá betra færi að sjá hann en nú. Hin yngri vill hamla sem fyr en sú eldri ræður meira. Fara nú báðar á fætur. Ræður sú eldri ferðinni en hin fer eftir. Styr var rifaður í húð en líkið hafði dregist ofan í ána um daginn og var því sprett frá höfðinu. Eldurinn var út brunninn og glæður eftir. Var ljóst hið efra um húsið en dimmt hið neðra. Þær ganga hljóðlega inn í eldahúsið og stilla nú hægt þangað sem Styr liggur og skyggast nú sem best að hönum og var sú eldri nærgöngulari. Sýnist þeim þá Styr rísa við í húðinni og kveða vísu. (Það var stirt kveðin og æði draugaleg dróttkveðin vísa alls ólík þessari sem menn hafa um hönd: Horfinn er fagur farfi etc., en þó var sama meining fyrst í henni og var þar nefndur litr en eigi farfi. Nefndi þar í blæju heim eður þvílíkt og eigi býður hann henni þar í að kyssa sig heldur segir að hún muni innan skamms byggja með sér moldbúaheim eður þvílíkt. Það var seinast í henni.) [Vísan sem Jón vitnar hér til er prentuð svo að ábendingu Jóns Samsonarsonar handritafræðings: 1. og 2. vo. og 7. og 8. vo. eru frá Jóni Halldórssyni í Hítardal (Lbs. 132 4to III), 3. og 4. vo. úr handritinu JS 490 8vo (>bls. 286). Um 5. og 6. vo. er stuðst við Þjóðsögur Jóns Árnasonar I, 234, Reykjavík, 1954.]

Horfinn er fagur farfi,
forvitin, sjáðu litinn,
drengur í dauðans gengi,
drós, skoða farfann ljósa.
Hildar plögg voru höggvin,
þá háði eg valþing áður.
Kar er í kampi vorum,
kysstu mæf ef þig lystir.

Snorri varð var við að einhver var á fótum, kippir fljótlega skóm á fætur sér og gengur út til eldahússins að forvitnast um hvað þær hafist að. En þegar hún heyrir vísuna bregður henni so við að hún æpir hástöfum og hleypur í fang Snorra. Koma menn á fætur og halda henni. Er hún þá so ær að fjórir hafa fullt í fangi að halda henni. Linnti hún aldrei af ópi og umbrotum alla nóttina þar til undir dag. Þá deyr hún. Snorri segir við bónda að nú sé verr launaður greiðinn en hann vildi og kveður það eigi sína skuld þó sér hafi eigi hlýtt verið. Bóndi svarar að hann hafi enga skuld í þótt so illa hafi til tekist heldur séu það ósköp dóttur sinnar.

Snorri býst burt hið hraðasta og fer áleiðis með líkið. Tekur þá að gjöra mikla snjódrífu á móti þeim með frosti. Og þá á daginn líður tekur líkið að fara illa á hestinum og snúast öfugt. Gjörist það þá so þungt að þeir koma því eigi lengra en að eyðihúsum nokkrum á melholti einu og þar bera þeir grjót að því og dysja, fara þar eftir leið sína. Og er ei annars getið en það gengi greitt.

Um vorið þá upp leysir snjó fer Snorri eftir líkinu og er þá allt tíðindalaust í þeirra ferð. Er það jarðað að kirkjunni undir Hrauni er Styr hafði sjálfur gjöra látið. En nokkrum tímum þar eftir þá kirkjan brann voru bein hans upp tekin og flutt að Helgafelli.

11. kafli

Nú fréttist víða víg Styr og þykir mörgum mikils um vert að Gestur, so ungur maður er aldrei hafði fyr víg vegið, skyldi hafa vogað soddan stórræði við slíkan ofsamann er Styr var í lífinu og mörgum stóð ógn af. Og þótti þetta mjög hafa farið að málavöxtum.

Nú er það að segja frá Gestu að þeir Þorsteinn skilja þar við ána. Rennur Gestur suður á leið til Borgarfjarðar og kemur að Mel. Sá hét Halldór er þar bjó en kona hans var náskyld (kannske föðursystir Gestu). Halldór spyr því so víki við ferðum hans. Gestur greinir allt af vígi Styr og biður hann liðsinnis. Halldór bregst stórlega reiður við og skipar hönum að dragast burt frá sínum augum hið skjótasta og eigi sé hönum að vænta liðs hjá sér er so mikið óhappaverk hafi unnið að drepa Styr, slíkan höfðingja. En kona hans leggur bestu orð til við bónda sinn. Gestur verður fár við og meinar hann muni þenkja sem hann talar en það var þó reyndar eigi. Er Gestu fenginn hestur á laun og nú þykir hönum betrast hagur sinn að hann er kominn á hestbak, ríður nú þaðan á leið til Borgarfjarðar slíkt er hann má og hefur eigi marga náttstaði áður hann kemur suður yfir ána.

Kemur hann síð um kveld að bæ Halldórs og drepur á dyr. Þar kom húskarl út. Gestur biður hann að kalla Þórdísi konu Halldórs á tal við sig. Hún var systrunga Gestu. Hún gengur út og kennir eigi Gest í fyrstu. Gestur segir henni hvað hann á um að vera og í hvaða vandræðum hann sé staddur. Hún segir hönum skuli til reiðu sín hjálp en hún sé uggandi hversu bóndi sinn verði við, því hann hafi verið vinur Styr en vilji þó freista hvers hún fái við hann orkað, lætur Gest vera í útibúri um nóttina so enginn veit af nema hún og húskarlinn.

Þórdís stendur snemma upp um morguninn áður en Halldór. Lætur hún allblítt að hönum. Hann mælir að eitthvað muni undir þessu blíðlæti búa og muni hún vilja biðja sig einhvers. Hún segir að so er og ef hann láti þessa bón eftir sér vilji hún í öllu geðþægja hönum sem hún getur, segir að frændi sinn Gestur sé þar kominn og leiti hans liðsemdar og segir hann hafi vegið Styr í hefnd eftir föður sinn. Halldór verður óðamáli og segir að ef hann fái fest hendur á hönum skuli hann eigi lífs frá sér komast er slíkt ódádaverk hafi gjört að drepa vin sinn og mesta höfðingja.

Þar mátti ganga í kringum innan veggja allt húsið og héngu tjöld fyrir sænginni. Gestur stendur á bak við tjaldið að höfði hönum og heyrir alla þeirra viðræðu og kveður þá vísu þeirrar meiningar að hann væri búinn til að leika við hann sem Styr og rjóða báðar kiður hans í blóði (segir í vísunni).

Hestur hans stóð söðlaður úti fyrir. Hleypur hann strax á bak og ríður að Gilsbakka til Illuga svarta (um forfeður Illuga svarta getur Landnáma saga sú þrykta p.14 (þar er hann 4ði frá landnámsmanni) en p. 28 et 29 er hann sá 3ji. Dóttur hans nefnir p. 33 en son hans, Hermund, Kristindóms saga p. 19 circa 1000. Einninn getur Bandamanna saga um Hermund og hans andlát en þar er hann nokkuð gamall til að vera samtíða Gelli Þorkelssyni, ítem Laxdæla saga, cap. 52, um hans afsprengi. Um Illuga svarta getur Eyrbyggja saga, cap. 9, fyrst 982, so einn og hinn sami mun þessi Illugi vera og kannske sami sem Vatnsdæla saga telur vera kominn af Grími landnámsmanni), heilsar hönum og segir hver maður hann sé. Illugi spyr hvað tíðinda sé í ferðum hans. Gestur kvað vísu. Þá spurði Illugi hann hversu mikinn áverka hann hefði veitt Styr.

Þá kvað Gestur:

Varat um sár, en sáran
sák Víga-Styr hníga,
böndum þörf að binda.
Beit hjálmastoð þveita
þá er af brúnar beinum
báglunds goða mági
unda sæg í augu
allrauðan sák falla.

(Eftir Eddu síra Magnúsar Ólafssonar og sú hálfá eftirkomandi. Ergo [þar af leiðandi] hefur hann haft þessa sögu. Þó er ei víst þar fyrir að hann hafi haft þessa sögu því að í þeirri Eddu, sem er á membrana í foliantbókum Árna Magnússonar no. 242, í kenningapartinum, stendur seinast á blaðsíðu upphaf þessarar vísu: Gestr hefnir Geitis, en ei meir. Síðan má sjá að vantar tvö blöð og þar eftir sú seinasta blaðsíða í bókinni. Á þessum burt rifnu blöðum getur þessi vísa og sú hálfá eftirkomandi hafa verið. En að nefnd Edda hafi verið í höndum síra Magnúsar er víst af þeim blöðum sem í hana eru skrifuð með hans eigin hendi. Hér af má sjá að kenningaparturinn í Eddu er seinna skrifaður en þessi saga.)

Biður hann Illuga ásjár. Tekur hann því ei fjærri en telur að sér sé so mikil fjölskylda á hendi að hann treystist varla að halda hann með slíkum mannfjölda sem sér sýnist við þurfa og biður hann fyrst að fara til Bæjar og finna Þorstein Gíslason.

Fer nú Gestur þaðan og til Þorsteins, kemur þar á áliðnum degi og drepur á dyr. Húskarlar einn kemur til dýra. Þann biður Gestur að kalla Þorstein út. Þorsteinn kemur út og spyr Gest að heiti og tíðindum. Gestur kvað vísu þess innihalds að hann hafi vegið Styr. (Þetta er helmingur af vísu sem Gestur kvað þá eður við einhvern annan vina sinna í Borgarfirði þá hann var að segja frá vígi Styr:

Gestr hefir Geitis rastar
galdrs miðjungi skjaldar,
dundi djúpra benja
dögg, rösklegast höggvið.

Og biður Gestur hann nú ásjár. Þorsteinn kveður sér stóran vanda á þessu þar so margir og miklir eftirmælendur séu og illt eitt muni hann hljóta af slíkum óhappamanni og er heldur en eigi styggður við hann. Gestur kvað vísu og enn aðra. Þorsteinn segir sér sé enginn þokki á vísu hans. Gestur kvað enn. Þorsteinn biður hann hætta því og segir hann skuli þó vera hjá sér náttlangt.

Um morguninn sendir hann Gest til Reykja og biður Kleppjárn (hvert þessi er sami og Landnámásaga nefnir, p. 15, tvíla eg, nema hann hafi orðið æðigamall) að taka við hönum. Kleppjárn telur Þorsteini það skyldara og hafi hann aldrei heitið að taka nokkra vandræðamenn af hönum. Verður Gestur þar þá nótt, fer þaðan til Þorsteins aftur og tekur hann þá vel við hönum. Var hann ýmist með Illuga, Kleppjárninn eður Þorsteini um veturinn, þó lengstum með Þorsteini og höfðu þeir öruggan vara á sér allan þann vetur. Var hjá Þorsteini sjaldan færra en sex tígir karla um veturinn. Líður nú að vordögum.

Maður hét Teitur, að illu einu kenndur, og var kallaður Fjalla-Teitur því hann lá á fjöllum úti og lifði því líkara sem hann væri illdýri en hann væri maður (segir sagan). Kleppjárn var þar sveitarhöfðingi. Hann hafði nýbreytni þá að hann gjörði mannsöfnuð að ná Teiti og hafði hann í böndum. Vissi enginn hvar til það skyldi því hann hafði áður aldrei látið hafa hendur á hönum þótt hann væri þrátt um beðinn.

Nú er að segja frá Snorra. Hann býr málið á hendur Borgfirðingum en þeir hafa búið til liðs fyrir fram ef hann kæmi. Fer Snorri heiman með flokk manna en gjörir áður orð vinum sínum að koma til liðs við sig. Og þá þeir eru saman komnir ríða þeir allir suður í Borgarfjörð. Borgfirðingar höfðu njósn af ferðum hans og hafa liðsafnað fyrir öllum vöðum út til sjávar að verja hönum ána. Snorri kemur að ánni vestan fram við Haugsenda. Hefur hann átta hundruð (fjögur hundruð segir Eyrbyggja saga, cap. 38. Þar var í ferð með hönum Vermundur hinn mjóvi bróðir Styrs. Hann bjó þá í Vatnsfirði. Þar var og Steinþór af Eyri etc. Eyrbyggja saga telur þar upp mestu virðingarmenn sem voru með Snorra og Borgfirðingum) manna en Borgfirðingar tólf hundruð (meir en fimm hundruð segir Eyrbyggja saga og er það trúlegra en hinn mannfjöldinn). Gestur kvað vísu um morguninn áður hann fer heiman (ef eigi tvær).

Snorri ríður að ánni og biður þá selja fram vegandann. Þeir svara að nú hafi þeir so við búið að hönum muni eigi kostur að festa hendur á hönum. Með Snorra eru taldir upp hverjir helstir voru ofurkappsmenn er berjast vildu so og af Borgfirðingum, að við sjálft lá að þeir mundu berjast yfir um ána. En margir góðir menn áttu hlut í að eigi skyldu so margir menn berjast. Ríðu hverutveggi fram í ána. En Snorri reið fram í eina eyri sem í var miðri ánni og kvað það lög að tala þar máli sínu sem maður kæmist lengst að hættulausu og stefndi Gestu um víg Styrs (þessi sömu mál ónýtti Þorsteinn Gíslason fyrir Snorra goða um sumarið á alþingi segir Eyrbyggja saga, cap. 38). Hljóta þá margar vísur úr flokki Borgfirðinga til Snorra, einna mest frá Gestu (voru tvær að vísu teiknaðar í sögunni og í einni þeirra kallar hann Snorra blauðan og sá rauðskeggjaði goði hafi ríðið vestan með hött síðan). Snorri kveðst eigi hirða að gegna hákyrðum hans og sé eigi að undra þó hann tali nú djarft úr flokki. Sér hann þar áorkast ekki í þetta sinn. Snýr hann frá við so búið og fer vestur leið sína.

Nú líður að alþingi. Stýrimaður einn var um veturinn í Reyðarfirði í Austfjörðum. Nafn hans var Helgi (að mig minnir). Ætlaði hann til Noregs um sumarið. Sá var góður vin Kleppjárns. Þeir Borgfirðingar taka þau ráð að senda hönum Gest til utanferðar. Þá voru höfðingjaskipti orðin í Noregi og Eiríkur jarl Hákonarson kominn í stað Ólafs Tryggvasonar. Í hans hirð var Þorsteinn son Síðu-Halls (að mig minnir). Hann var vinur Kleppjárns. Kleppjárn sendir hönum orð sín að taka við Gestu og lætur þar

með fylgja hring til menja ef hann vill ei trúa orðum Gest. Leggur Þorsteinn og Kleppjárn hönum fé til farningar (segir sagan) en Þórdís varð eigi örþrifráða (segir sagan). Gefur hún hönum gullhring og þrjár merkur silfurs. Skal Fjalla-Teitur fylgja hönum austur því hönum voru allar leiðir kunnar. Fara þeir austur fjöll um alþingistíma fyrir ofan allar sveitir. Verður því engi maður þeirra var.

Kemur Gestur þá til Helga stýrimanns og tjáir hönum erindi sitt og orð Kleppjárns. Tekur hann við hönum vel og á Teitur með að fara. Byður Helgi Gestu mestan varnað á að láta nokkurn af skipverjum verða varan hver maður hann sé því þar séu nokkrir vinir Styr á skipinu. Lofar Gestur því og so gengur nokkra daga en þó efndist það eigi betur en so að einn dag er Gestur sat á búlka kvað hann vísu hvar af skilja mátti að hann var vegandi Styr. En þá skipsmenn vissu að hann var sá maður hlupu þeir upp og ætluðu að hönum so Helgi varð að gefa þeim fé til að leggja ekki illt til hans. Var síðan allt kyrrt í ferðum þeirra. Leggja þeir í haf og gefur vel byri og koma til Noregs. Jarlinn var þá staddur í Þrándheimi (að mig minnir) og Þorsteinn þar með hönum. Lætur Helgi Gest aldrei við sig skilja, fer hið snarasta á fund Þorsteins og færir hönum Gest með orðum Kleppjárns. Þorsteinn tekur því seinlega fyr en hann sér jarðteiknirnar, segist þó eigi voga að láta hann þar lengi nema staðar vegna vina Styr. Skilst nú Helgi við Gest og afsalar sér en Teitur fer með Helga og er hann úr sögunni.

Gestur er um veturinn með Þorsteini en um vorið sendir Þorsteinn hann til einnrar ríkrar ekkju er bjó norður í Fjörðum að menn yrðu hans síður varir eða vinir Styr sem þar sátu nálega í hverju húsi.

Enginn vegur gengur á þetta mál á alþingi.

Nú vita menn óglöggð hvað úr Gestu er orðið fyrst í bráð. Var því ei samsumars utan farið (segir sagan).

12. kafli

Um veturinn (1009) kemur það upp að Gestur muni af landi farinn. Eykst sá orðrómur so mjög að menn hafa það fyrir satt. Þorsteini Styrssyni þykir sér skyldast að gjöra hefndina. Fer hann um sumarið (1009) til Noregs og hefur vel fé með sér og gjörir sér menn vinholla með því um veturinn. Fær hann þá upp spurt að Gestur er með ekkjunni.

Um vorið (1010) fer hann norður þangað og eru þeir saman sautján á skipi. Svo var til farið (segir sagan) að ekkjan bjó að fjarðarbotni. Einn dag er Gestur var róinn á sæ að togfiski (segir sagan) koma þeir Þorsteinn seint um kveld í fjörð þann þar eð ekkjan bjó og voru alls ókunnir leiðinni. Róa þeir skipinu á sker svo hvolfir undir þeim en komast þó allir á kjöl. Gestur var við annan mann á bát og sér þetta. Róa þeir þar að sem mennirnir eru á floti. Spyr Gestur ef þeir vilji björg hafa því hann sá þeir voru ei sjálfbjarga. Þeir játa því fegnir. Gestur segist því ráða vilja hvað marga eður hverja hann taki í hvert sinn á bát sinn að flytja til lands. Tekur Gestur eigi fleiri en tvo um sinn og ætlar so til að Þorstein tekur hann seinast. Situr hann í öðrum stafni en Gestur í öðrum og hafði yfir sér loðkápu. Þekkir þá hver annan.

Þorsteinn mælti (minnir mig) að nú hafi þeir so fundist að hann hefði kosið að öðruvísi hefði að borið.

Gestur mælti: "Í öndverðu þekkti eg þig og því vildi eg ráða hvað mörgum yðar eg bjargaði í hvert sinn. Vona eg þú munir eigi launa mér því lífgjöfina að sækja eftir lífi mínu."

Geta þeir nú eigi fram komið hefndinni um kveldið en þurfa greiða eftir þenna hrakning. Veitir ekkjan þeim hann og eru þar allir þá nótt. En þá hún veit hvers erindis þeir eru þar komnir átelur hún þá stórum að þeir leiti eftir lífi manns síns fyrir litlar sakir og launi þanninn illu gott, vogar þó eigi að láta Gest vera þar um nóttina og sendir hann einum ríkum bónda, sem Eiríkur hét, upp á Raumaríki, hersi

að nafnbótum (minnir mig). Þangað fer Gestur. En þeir Þorsteinn og hans félagar standa upp um morguninn. Leita þeir Gestis en finna hvergi. Segir ekkjan að eigi muni þeim auðið að standa þar yfir höfuðsvörðum hans. Fara þeir við so búíð heim aftur og þykir ferð sín allilla til tekist hafa.

Nokkrum tíma síðar (1010) fréttir Þorsteinn hvar Gestur er niður kominn, fer nú þangað og kemur þar einn morgun snemma. Bar þá svo við að Gestur var genginn til vatns að þvo sér. Stóð sinn hverumegin. Gestir brá ei vara fyrir Þorsteini. En Þorsteinn höggur með öxi sem hann huldi undir skikkju sinni til Gestis og stefnir á hann miðjan. Bar höggið út af síðunni. Skemmdist Gestur lítið og var það svöðusár. Bóndi vill þegar taka Þorstein og láta drepa.

Gestur biður hann gjöri það eigi, segir að Þorsteinn þyktist eiga hefnda að leita "og mun mér þetta fyrir engu standa á lengdar" (segir sagan).

Og fyrir bænir Gestis og meðalgöngu er Þorsteinn laus látinn og þykir hönum nú þessi ferð hálfu ófrægilegri en hin, verður þó so búnu að una og fer heim.

Gestur sér að hann má eigi við haldast í Noregi fyrir umsátrum Þorsteins og fer að vori komanda suður í Miklagarð og gengur þar á mála með Væringjum, ætlar sig þar heldur óhultari verða. Þorsteini kemur njósn af þessu og fer sama sumar út til Miklagarðs. En það er síður Væringja og Norðmanna (segir sagan) að vera að leikum á daga og gangast að fangbrögðum. Þorsteinn gefur sig í flokk þeirra en Gestur þekkir hann nú eigi, bregður og eigi vara fyrir hönum. Gengur Þorsteinn til fangs við hann og í því bregður hann saxi undan skikkju sinni og mundar til höfuðs á Gestir (segir sagan) en so tókst til að á öxlina kom og var það ógeigvænlegt sár (segir sagan). Sannast hér hið forn mælt að eigi má ófeigum bella (segir sagan) og skeindist Gestur lítið. Væringjar hlaupa upp þegar og er eigi annars kostur en Þorsteinn sé þar strax drepinn því það voru lög hjá þeim ef annar veitti öðrum banatilræði þá þeir voru að leikfangi skyldi sá ei fyrir fara nema lífinu. Gestur fellir bæn að Væringjum (segir sagan) og gefur þeim hálf tóla fé sitt Þorsteini til lífsgriða, segir þeim allan málavöxt og biður Þorsteini lausnar. Eiga þar og nokkrir menn hlut að að hönum væri líf gefið og gjörðu það þeir menn, er tæðu máli Þorsteins að vilja Gestis, er vissu ættarferð Þorsteins (segir sagan). Nú er Þorsteinn laus gefinn. Biður Gestur hann nú að láta af að sitja um líf sitt oft þar hann megi sjá að hönum verður ei auðið að koma sér af dögum og fari það mjög að málavöxtum því hann hafi eigi sakalaust vegið Styr. Þorsteinn heitir því en biður Gest að vitja aldrei á Norðurlönd aftur. Og því heitir Gestur og efndi. Er nú Þorsteinn orðinn félaus eftir allt þetta og gefur Gestur hönum fé til ferðar og skiljast nú sáttir.

Fer Þorsteinn nú til Noregs aftur og er þar næsta vetur eftir (1011-12), fer um sumarið 1012) út til Íslands og þykir frændum hans ferðin gæfulitil verið hafa. En Gestur kemur aldrei á Norðurlönd síðan, þótti þar dugandi drengur er hann var og er eigi getið hvert nokkuð manna sé frá hönum komið (sýnist þá Gestur að hafa militerað undir Basilio og Constantino).

Þorsteinn sest að búí undir Hrauni eftir föður sinn og bjó þar alla ævi upp þaðan. Nú eru þrír vetur liðnir síðan Þorsteinn fór utan í föðurhefndirnar og eru þeir Gestur úr sögunni.

Nú þykir Snorra halla máli að sér þar Þorsteinn bar ei auðnu til að hefna Styr, hugsar nú um hversu hann skuli með hægasta móti og minnstri mannhættu vinna á Borgfirðingum, frændum Gestis, er hönum höfðu undan skotið. Taka þeir nú til að verða nokkru óvarari um sig en áður síðan svo mjög frá líður falli Styr.

So hafði til borið að þrjú skip höfðu komið af hafi um sumarið suður á Eyrum. Var eitt þeirra lekt og öldungis ófærandi á sjó. Það seldu kaupmenn Þorsteini Gíslasyni og þessa varð Snorri vís. Þá kaupstefna er sem óðust sendir hann frá Sælingsdalstungu tvo menn á Eyrum suður að njósna um heimaveru Þorsteins og Borgfirðinga. Annar þeirra var Kolskeggur (minnir mig) á Lambastöðum (ellegar það hefur verið Lambi eður Lambason úr Laxárdal, því þó Lambi væri hálfbróðir Ólafs þá þá

var hann 1006 með að drepa Bolla og circ. 1018 að hefna hans á Helga Harðbeinssyni, Laxdæla saga, cap. 38 et 43, og getur það því staðist aldursins vegna. Nema það hafi verið Eyjólfur sonur Snorra er bjó á Lambastöðum á Mýrum) og biður þá að gjöra sem minnst vart við sig eður sitt erindi né leggja þar illt til nokkurs manns en taka sem grandgæfilegast eftir öllu því þeir heyra talað þessum mönnum að lútandi.

Þeir gjöra so, eru þar tvær nætur og gjöra lítil kaup, ríða hið skjótasta heim vestur að Sælingsdalstungu og segja Snorra að Þorsteinn Gíslason hafi keypt hið ófæra skipið og ætli að draga það sundur á miðvikudag en sveitarmenn skulu flytja viðinn heim á mánadaginn næsta þar eftir innan þriggja vikna og sé Þorsteinn eigi mannmargur heima um þessa daga.

Snorri sendi orð vinum sínum og mágum út í Eyrarsveit (sem þar eru á nafn nefndir, eigi færri en fjórir og eigi fleiri en sex) að þeir skulu hittast þann dag er sex vikur eru til vetrar (1012) en Snorri sendir að tvímánuði sumars (segir sagan) og skulu þeir hittast í Lækjarskógi í Dölum (minnir mig).

13. kafli

Snorri tekur dagverð að miðjum morgni og standa hestar þeirra söðlaðir. Hann átti þrjá sonu. Hét einn Halldór, annar Guðlaugur, var hann þeirra elstur, og Þórður sá yngsti, var hann þá níu vetra (vide infra þ.e. sjá síðar), og skal hann með fara.

Guðlaugur var jafnan heima og lét Snorri hann sjálfan ráða hvað hann starfa vildi. Var hann ei heldur mikið laginn til vinnu. Hann var siðprúður og bænþakinn og hélt vel trú sína, átti og ekki illt við fólk. Var hann því eigi lyndislíkur hinum bræðrum sínum en þeir voru glensmiklir og köstuðu fyrir þetta spotti að hönum.

Snorri gengur til kirkju er hann hafði þar gjöra látið. Skein þá sól úr austri. Og er hann gengur inn mætir hann Guðlaugi. Ætlar hann þá út að ganga og hefur á bænum verið eftir venju sinni. Snorri mælir hvert hann vilji eigi með sér fara að hefna móðurföður síns. Guðlaugur svarar að hann ætli so muni vel mannað að eigi þurfi síns liðs við og hafi hann eigi skipt sér af vígaferlum hingað til, megi faðir sinn ráða því en helst vilji hann þó heima sitja.

Snorri mælti: "Eg hefi eigi kallað að þér um verk þín hingað til og skaltu þeim sjálfur ráða upp frá þessu og er mér vel um gefið þú hvergi farir og rækir siðu þína."

So hefur Snorri frá sagt að hann hafi aldrei slíka manns ásjónu séð sem Guðlaugs sonar síns þá er hann mætti hönum í kirkjunni. Hafi hann þá verið rauður sem blóð að sjá í andliti og hafi sér so sem nokkur ógn af staðið. Guðlaugur fór nokkrum vetrum síðar til Englands. Gaf faðir hans hönum fé með sér. Gekk hann þar í munkaklaustur, færði siðugan lifnað og þótti hinn besti klerkur allt til dauðadags.

Snorri ríður nú heiman og fylgdarmenn (Eyrbyggja segir, cap. 38, þeir hafi alls verið tuttugu og telur upp fjóra þá helstu, sem þó er ólíklegt þeir hafi so margir verið í þessari fluguferð) hans. Hittust hann og hinir þar í Dölum sem ráð var fyrir gjört. Ríða síðan allir saman suður Bröttubrekku. Var þetta á laugardegi. Hallar þá mjög að kvöldi er þeir koma suður af fjallinu. Ríða þeir þá fyrir ofan bæi.

Þá mælti Snorri: "Eigi þykir mér að þó nú kæmi þoka."

Ríða síðan suður Hvítársíðu. Þá var þoka yfir héraðinu og vindur af hafi og úr við (segir sagan). Láta þeir nú taka niður hesta sína og æja (segir sagan), ríða þar eftir nokkra stund. Tekur þá til að elda aftur og heiða upp þokuna og sá tíðindi (segir sagan) yfir héraðið. Eigi var fleira manna heima á bæ Þorsteins en synir hans, piltur einn og kona sú er embættir fé (segir sagan). Þar eftir ríða þeir yfir ána og þá þeir komu so nærri að sjá mátti gripi við bæ Þorsteins spyr Snorri hvert þeir sjái fleiri en þrjá

hesta þar heima við túnið so sem sér sýnist. Þeir segjast ei fleiri sjá. Þá mælti Snorri að eigi mundu þeir mannmargir heima vera. Ríða nú að bænum og er þá sól nýrunnin og sjá þeir slóðina eftir sér er þeir gjört höfðu um nóttina yfir ána.

Þeir Snorri stíga af hestum sínum á bak við húsin. Segir hann einum er með hönum var (minnir mig hétu Þórður) hann skuli fara upp á skálavegginn hægra megin því þar hefur hann spurt að Þorsteinn liggur undir og segir hönum að reyta þekjuna og slíta grasið seint og taka fast og jafnt í líka sem hestur biti. Maðurinn gjörir so.

Þorsteinn vaknar og kallar til smalapiltsins og segir hann muni of skammt hafa rekið hestana frá í gærkvöldi og skuli hann fara að reka þá. Hann ansar að eins og sofnar aftur. Enn heyrir Þorsteinn að eitthvað nagar þekjuna, kallar aftur til piltsins en hann sofnar aftur. Fer þá Þorsteinn á fætur út að forvitnast um þetta og er í línbrókum einum. Og þá hann kemur út úr dyrunum litast hann um og verður við ekkert var og vill nú skyggjast að víðar í kringum húsin. Í því bili hlaupa þeir Snorri að hönum. Er þar ekki að sökum spurt og engu orði kemur hann fyrir sig. Leggja þeir að hönum fjórir í einu. Kemur eitt lagið í kviðinn og fellur hann strax (1012. Eyrbyggja, cap. 38, setur víg Þorsteins um haustið 1008. Kemur það af því til að hún hleypur yfir hefnda eftirsóknina Þorsteins við Gest og þau árin). Draga þeir hann upp að veggnum og bíða þar enn nú úti hljóðlega. Lengist nú Þorvarði (mig minnir hann hétu so. Eyrbyggja saga nefnir Gunnar son Þorsteins og mun það réttara (nema fleiri hafi verið)) að faðir hans kemur eigi inn og gengur út. Kemur hann engri vörn fyrir sig og fer á sömu leið (man eg eigi glöggst hvert þeir vógu þar að auki annan son Þorsteins, þó kannske það hafi verið). Annar sonur Þorsteins var og heima. Hét hann Sveinn (minnir mig) og var nú vetra gamall. Lengist hönum föður síns inn í bæinn og heyrir eitthvað hark úti, veit og eigi hvað um er. Kemur hann út í dyrnar og er hönum svefn í augum.

Snorri mælti við son sinn Þórð kausa (Þórður kausi er hér látinn vera nógu ungur því eftir Eyrbyggju, cap. 37, sendi Snorri faðir hans hann út til Fróðár 1001 að setja dyradóm yfir afturgöngunum): "Sér kötturinn músina? Ungur skal að ungum vega" (segir sagan).

Þórður (mun hafa verið Þórður Þórðarson köttur, de quo [þ.e. samkvæmt] Laxdæla saga, cap. 43 (og Ólafs saga Tryggvasonar, sú þrykta í öðrum parti, pag. 89 a., þeirra son (þ.e.: Þórðar Ingunnarsonar og Guðrúnar Ósvífursdóttur) var Þórður köttur er fóstraði Snorri goði. Hans son var Stúfur skáld)) fóstri hans mælti: "Það skal aldrei ske að so ungur sveinn sé veginn og skulum við undir eins falla báðir."

Segir Snorri hann skuli ráða þó sér sé grunur að sá sveinn muni einhvers staðar höggva í ætt sína. Bera þeir nú líkin saman í kös þar í túninu, skiljast við so búið og hraða sér í burtu. Var þetta á lítilli stundu gjört. Lýsa víginu á næsta bæ. Ríða nú upp með ánni og yfir í Hvítársíðu og upp frá bæjum, stíga þar af hestum sínum og taka átfang (segir sagan) og leggjast niður og hvíla sig og hesta sína. Fylgjurum Snorra þykir þetta óviturlegt að leggjast niður í grashögum skammt frá bæjum. Snorri segir eigi muni til saka. Liggja þeir þar fram yfir miðdegi og finna smalamann einn. Snorri biður hann bera kveðju Borgfirðingum frá Snorra goða og segja þeir hafi nú gjört sér greiðara fyrir en næst. Ríða síðan vestur fjöll og hver heim til sín og þykir förin vel hafa gengið.

Nú er að segja hvað gjörist á bæ Þorsteins. Kona hans kemur heim úr seli sama drottinsdagsmorgun, lítilli stundu eftir það þeir Snorri eru burt riðnir, og ætlar að færa þeim feðgum hreinar skyrtur. Tvær dætur hennar ungar eru með henni. Ríða þær nú að túngarðinum og stíga þar af baki og biður hún þær að bíða sín þar. Hún gengur heim að bænum og sér þar vegsummerki. Og þá hún hefur litið á hverjir þar liggja vegnir gengur hún burt og stígur strax á hest og getur ei um fyrir þeim hvers hún hafi heima var orðið. Þær spyrja hvað valdi hún komi so skjótt aftur. Hún kvað erindið eigi hafa krafið lengri dvalar, ríður nú sem skjótast til næsta bæjar sem heitir Kelda (minnir mig, heldur en Klúka eður

Lækur) og hittir þar klerk einn frænda sinn sem (mig minnir) Eldjárn hét og segir hönum tíðindin. Bregður hann við strax og tekur menn með sér að sjá líkin, sendir boð á næstu bæi og flýgur nú þegar þessi viðburður um Borgarfjörð og er að vörmu spori farið að leita Snorra og þeysa vestur um Hvítársíðu þann veg er líkast þótti hann riðið hefði og hafa þeir eigi af hönum. Féll þeim nú allilla er Snorri gekk so úr greipum þeim og þá enn fremur er þeir fréttu hann hefði legið þar í búfjárhögum um daginn og virðist þeim nú Snorri helst til slægur orðið hafa. Settu þeir þá í lög sín að hver maður skyldi vera skyldur að leita strax um landeign sína að veganda ef víg væri vakið innan héraðs.

Líður nú veturinn eftirkomandi og fram að alþingi og búa þeir til eftirmálin Borgfirðingar og voru eigi þeir aldauða (segir sagan) er fylgdu að þeim málum. Eru nú þessi mál uppi höfð á alþingi (1013, en eftir Eyrbyggja sögu 1009). Voru það margir er tæja vildu Kleppjárni (segir sagan), frændur hans og vinir, en Snorri heldur svari vegna manna sinna og er hann ljúfur að svara fébótum. Gengur sá dómur á málið að víg Styr og Þorsteins skuli fallast í faðma en synir Þorsteins bættir þrem hundruðum silfurs (minnir mig) og hélt Snorri uppi fésektum fyrir menn sína. Skulu fjórir þeirra (minnir mig) fara af landi burt og vera fyrir utan þrjá vetur. Greiðir Snorri bæturnar á sama þingi en hinir fara samsumars utan er til voru dæmdir. Lyktar nú þanninn þessum málum að sinni.

14. kafli

Guðmundur (Guðmundur var Sölmundarson. Sá Sölmundur var Eilífsson og bjó í Ásbjarnarnesi fyrir son sinn Guðmund. Hans dóttir var Þuríður gyða, systir Guðmundar. Hana átti Þorsteinn Ingimundarson á Hofi í Vatnsdal, þeirra son Ingólfur fagri, hans dóttir Jórunn er átti Ásgeir æðikollur á Ásgeirsá, faðir Kálfs og Hrefnu er Kjartan Ólafsson átti, vide [þ.e. sjá] Vatnsdæla saga et Landnáma, p. 93 og 96. Laxdæla saga, cap. 20, segir að Guðmundur eignaðist Þuríði dóttur Ólafs pá. Þeirra synir Hallur, Barði, Steinn og Steingrímur en dætur Ólöf og Guðrún. Þuríður var skapstór og skörungur mikill so sem í þessari sögu má síðar sjá) hét maður. Hann bjó í Ásbjarnarnesi á Vatnsnesi. Guðmundur hafði verið hinn röskvasti drengur en var kominn í elli þá þessi saga gjörðist. Hann átti þrjá sonu. Hallur hét sá elsti, Barði (hann er kallaður Víga-Barði, Landnáma, p. 96, og eins í Vatnsdæla sögu) annar, þriðji Steingrímur. Hallur var í kaupferðum jafnan, spakur að viti og hinn besti drengur.

So bar við þá hér var komið sögunni að hann var staddur í Noregi, sem oftast, næsta sumar eftir víg Þorsteins. Í Björgvín (minnir mig) voru fyrir þeir Hárekssynir og spyrja þar til Kolskeggs sem fyr er getið að fylgdi Snorra að drápi Þorsteins. Þá Hárekssynir urðu hans varir í bænum leituðu þeir hans að þeir gætu heft á hönum fyrir víg Þorsteins. Hann var og mágur (minnir mig) Snorra. Kolskeggur leitar undan en þeir ná fjárluta hans en hönum eigi. Þetta var um vorið 1014). Er hann nú félaus og farþurfi, falar alls staðar far en fær hvergi, hittir Hall og biður liðs, kvartar um hrakning sinn og vandræði. Hallur gefur hönum skip sitt og nokkurn kaupeyrir so hann kemst undan og fer til Englands (að mig minnir).

Hallur leitar sér nú fars til Íslands og fær hvergi. Fer hann út til Þrándheims og finnur þar mann er Þorgils hét. Þeir höfðu átt félag saman fyrri en voru þá skildir. Hallur biður hann fars. Hinn tekur því treglega. Hallur mælti að hann vænti best til hans drengskapar því þeir hefðu mælt það fyrrum þá þeir voru í félagi saman að hverugir skyldi hendur við öðrum bægja (segir sagan) ef annar þyrfti hins lið í nauðsyn. Þorgils lætur þá til leiðast að hann fái farið, þó ei með öðrum kosti en hann kaupi skipið hált af sér og þetta gjörir Hallur.

Hárekssynir spyrja að Hallur hefur undan skotið Kolskegg og sé skipráðinn hjá Þorgils. Sjá þeir að þeir hafa misst mannsins og snúast að Halli. Verða þeir Hallur síðbúnir og so skjótt sem byr rann á leggja þeir út undir ey þá í Þrándheimi er Fólkskn heitir og liggja þar nokkurar nætur fyrir byr. Bónði einn lítill bjó í eyjunni. Hann var vitlítill og vesalmenni. Hann átti þar allgóðan skóg. Skipverjar þeirra

Þorgils fóru þangað og hjuggu sér efnivið en bónda líkaði illa og knurraði um.

Þeir Hárekssynir fá njósn af að þeir Hallur liggja undir eygni, taka sér nú lítinn bát og róa þangað átta saman frá skipi sínu um nótt upp að eygni annars vegar, tala við bónda og spyrja hversu spakir kaupmenn séu eður hvert stýrimaður sé á skipi jafnan. Hann segir þeim allt af létta að þeir séu óspakir og gjöri sér miklar skemmdir á skógi sínum en Hallur banni þeim og því sé sér best til hans þokkað. Þeir láta sem þeir eigi leyndarmál við Hall að tala, slá til kaups við bónda og gefa hönum hálfu mörk silfurs ef hann geti komið Halli á sinn fund so eigi séu aðrir við staddir. Bónda grunar að hér muni prettur undir búa en þykir þó fagurt féð, tekur við og lofar þessu, fer þar eftir til Halls og hrósar góðmennsku hans er hann banni að spilla skógi sínum. Vilji hann nú launa hönum með því að gefa hönum lof til að höggva sem hönum líkar þar bestur er skógurinn og skuli hann koma með sér. Hallur gegnir þessu fálega í fyrstunni, leiðist þó til við fagurmæli bónda og fylgist með hönum í rjóður eitt þar bestur var skógur. Eigi höfðu þeir þar lengi staðið áður bóndi gengur frá Halli, skilur hann þar einan eftir og læst hafa nokkurt nauðsynjaerindi. En þá bóndi er burtu hlaupa þeir Hárekssynir allir saman úr launsátrinu að Halli og vega þar strax að hönum so þar skipti engum orðum og engri vörn kemur hann fyrir sig. Vega þeir hann þar, hylja hræ hans og róa þar eftir í skyndingu burt. Skipverjum Halls þykir seinka afturkvomu hans, spyrja bónda hvar hann hafi skilist við hann en bóndi lætur sem hann hafi gengið frá sér í skóginum. Trúa þeir hönum illa, taka hann og kúga til sagna so hann verður að láta hið sanna uppi. Vísar hann þeim hvar hann gekk seinast frá hönum. Finna þeir Hall þar dauðan og dysja hann en festa bónda þar jafnskjótt upp.

Hárekssynir þykjast nú nokkru hafa á veg komið um hefnirnar, fara sem fljótast suður með Noreg og allt til Danmerkur. Og að áliðnu sumri brjóta þeir skip sitt í spón við Jótlandssíðu so enginn komst af.

15. kafli

Þorgils sér að torsótt muni að leita vegandanna, tekur fjárlut Halls allan og hirðir og lætur í haf þá byr gefur. Fá þeir um sumarið mótviðri stór og eiga harða og langa útivist. Um veturnætur taka þeir höfn í Austfjörðum í Vopnafirði og vistar Þorgils háseta sína þar í kringum sig um veturinn og leggur ríkt undir við þá að leyna dauða Halls. Hann var maður spakur og hægferðugur.

Um sumarið (1015) fer hann til þings og hefur með sér fé Halls. Hafði þá enginn spurt þessi tíðindi. Guðmundur faðir Halls var á þingi. Þegar líður að þinglokum gengur Þorgils einn dag til Lögbergis og hefur þar upp alla sögu um víg Halls en hásetar hans sanna með hönum. Hefur hann þar fé hans og vill afhenda. Þessi fregn fær Guðmundi so mikils harms að hann gengur þegar til búðar sinnar og leggst en Barði er fyrir svörum. Spyr hann Þorgils hví hann hafi leynt þessu so lengi. Þorgils kvað sér sýnast þetta mál til nógra vandræða horfa þó eigi hefði hann þess fyr getið þar slíkir menn ættu hlut að. Þar með hefði hann viljað bíða þar til bærst sönn afspurn um þessi tíðindi af öðrum mönnum.

Barði kvað hann gjört hafa viturlega "og hefur þú haft vel og drengilega úr þessum málum," (segir sagan) býður hönum að eiga fé Halls sem hann meðferðis hafi.

En Þorgils neitar þverlega og vill ekkert af hafa, segir að so kunni falla að þeir þurfi sjálfir fjárs síns um það þetta mál sé til lykta. Barði vill hann haldi þá hálfu og það verður af.

Þá Guðmundur kemur heim af þingi spyr Þuríður kona hans hvað tíðinda sé af þingi. Hann andæpti mæðilega og kvað vísu um fráfall sonar þeirra. Hún ansar með annarri. Leggst þessi harmur so mjög á Guðmund að hann lifir ei lengur en mánuð.

Um haustið ber so við einhverju sinni að Barði hefur sest í sæti það sem Hallur var vanur í að sitja þá hann var heima og sat hann þá þeirra bræðra efstur. Móðir hans kemur inn. Og þá hún sér það rekur hún hönum gildan kinnhest og skipar hönum að skreiðast burt úr sætinu sem bráðast og vera eigi so djarfan að setjast í sæti Halls meðan hans sé óhefnt. Barði segir so skuli vera.

Um haustið fregna menn nú allstaðar að þessi tíðindi um víg Halls og drukknan Hárekssona. Þykir nú mörgum mikið vandast við það málið.

Þorgils seldi skipið hásetum sínum og létti kaupferðum, tók sér bú í Borgarfirði og settu Gíslungar nokkuð úfa við honum (segir sagan). Hefur hann það til tals við þá og kveður þeir eigi sig einskis að kunna (segir sagan). Verður að því lítið mark að so stöddu.

Nú er þar til máls að taka að Barði hugsar um eftirmælið og þykir eigi létt til að ráða um hefndirnar.

Þórarinn (hans foreldri vide [þ.e. sjá] Landnámu, p. 95. Systur hans, Þórdísi Þorvaldsdóttur, átti Halldór son Snorra goða og er því ei furða þótt Snorri hafi veitt þeim Víðdælum að Heiðarvígunum. En að sá Þórarinn spaki Laxdælagóði sem Bandamanna saga um getur sé sami og þessi sýnist engan veginn geta staðist hverki vegna aldurs (því hann verður of gamall ef þessi og sá er hinn sami) né ættar. Þar er hann sagður Óspaksson, Höskuldssonar, Kollssonar en móðir Þorgerður dóttir Egils Skalla-Grímssonar sem ei kemst heim við Laxdæla sögu því Höskuldur átti öngvan Óspak fyrir son heldur Ólaf sc. [líklega svokallaður] þá og kemst það þá heim nema í því að Laxdæla saga nefnir engan af sonum Ólafs með Þórarins nafni og ei annan af hans vandamönnum en Þórarin son Bárðar Höskuldssonar og kann það að so miklu leyti að komast heim so og að hann er látinn þar vera samtíða Hermundi Illugasyni og Gellir nema hvað ættartalan er órétt so og að hann kallast Laxdælagóði og er því undarlegt að Bandamanna saga lætur hann vera norður í Víðidal eður Húnavatnspingi) hét maður spakur að viti og framsýnn er bjó á Lækjamóti í Víðidal. Hann var fóstri Barða.

Nú líður fram að alþingi sumarið eftir. Um leið Barði ríður á þing (1016) finnur hann Þórarin fósra sinn að máli og spyr hann nú hversu reisa skuli málið.

Þórarinn mælti: "Þér eigið um mikinn vanda að mæla og þarf hér þolinmæðis við því margir eru jafnan að frændsemi," (segir sagan) ræður hönum að biðja Hárek bóta fyrir sonu sína á næsta alþingi og þó hann fái engar bætur megi hann eigi láta sér leiðast ef hann vilji sínum ráðum að hlíta og muni allir þetta vel virða.

Barði hefur upp þessa bótabeiðslu á þingi. Hárekur var engi orðamaður (segir sagan). Hann hafði þá brugðið búi og afsalað fé sitt allt bróður sínum Kleppjárn. Svarar hann því að hann hafi nú engi fjárforræði og geti því engar bætur goldið. Vísar hann því máli til frænda sinna og fær Barði ekki frekara svar að því sinni og fer við so búið heim.

Annað sumar (1017) leitar Barði enn ráða til Þórarins. Svarar hann að á sömu leið skuli að fara sem hið fyrra sumarið, kveður hér þurfa þolinmæði við að hafa og muni hið þriðja sumarið verða vissara hvar þeir skuli aðgang eiga ef eftir hugboði sínu fer. En nú séu margir jafnkomnir að frændsemi (segir sagan).

Barði gjörir so, hefur enn upp þetta mál áður þingi slítur og talar á þessa lund: "Mönnum mun kunnigt að vér eigum of mikil vandræði að vera (segir sagan) þar nú er sannspurt að Hallur bróðir minn er lífi minnur (segir sagan). Beiddumst vér bóta af Háreki föður vegandanna í fyrra sumar og var oss engi úrslit veitt (segir sagan) og mun því flestum virðast að vér berum skarðan hlut fyrir yður (segir sagan). Nú ítrekum vér sömu beiðni ef þér vitið hverju nú skal heldur svara."

Háreks var ekki við kostur og stóð honum elli (segir sagan) en hver hinna sem á þingi voru stungu höfðum hver að öðrum og fór allt á sömu leið sem hið fyrra sumarið. En allur þingheimurinn lofaði hversu spaklega var að málinu farið.

Gísli (hvert sem það hefur verið Gísli sá er Grettir hýddi og Grettis saga um getur, cap. 58, og er þar sagður sonur Þorsteins Gíslasonar er Snorri goði lét drepa. Þó getur það staðist, vide appendicem [þ.e. sjá viðbæti]) hét maður, sonur Þorsteins (að mig minnir). Hann var í kaupferðum löngum, ofláti (segir sagan) mikill og óvar í orðum. Þetta haust kemur hann út, fer heim í Borgarfjörð til frænda sinna og fréttir af þessum málum.

Þriðja sumar áður Barði fer á þing ríður hann heim að Lækjamóti og spyr Þórarinn hversu nú skuli að fara. Þórarinn mælti að nú yrði hann enn að biðja bóta sem fyr. Skyldi hann eigi oftara ráða hönum til þess, sagði nú vera þann mann kominn sem hann hefði eftir beðið. En það var Gísli.

"Spyrst mér svo frá Gísla (segir sagan) að hann er bráðskeyttur til máls að taka, frígjarn (eigi varð öðruvís lesið) og of kapp (forte: ofurkappsmaður) (segir sagan). Segir mér so hugur um að hann muni einhverju því svara að auðgengara verði að málinu eftir en áður."

Barði kvað sér þykja mikið fyrir að biðja þá á ný bóta en kvað það mundi þó verða vera því hans ráð mundu sér til besta koma.

Narfi hét maður, frændi Gíslunga. Hann var mesti illhreysingur og ofstopamaður, rammur að afli, lyginn og ójafnaðarfullur að öllu. Við alla menn lynti hönum illa en þó verst við frændur sína. Barði hann á mönnum ef hann fékk eigi það hann vildi og tók af þeim er hann mátti. Var hann í ýmsum stöðum um land og undi hvergi.

Þórarinn bað Barða fyrir kost og mun að fá þann mann norður með sér ef hann væri á þingi og kvað til nokkurs koma mundi.

Barði kemur á þing (1018). Þar er Gísli og fleiri frændur hans, Borgfirðingar.

Barði gengur til Lögbergis einn dag á miðju þingi og mælir: "Svo er við vaxið (segir sagan) að eg hefi hér tvisvar beðið bóta fyrir víg Halls bróður míns. Beiddi mig þar nauðsyn til (segir sagan) og var í hvertveggja sinn gefinn lítill gaumur að máli mínu. Nú sýnist mér þar nokkurrar úrgreiðslu von er þú ert Gísli so eg þurfi eigi lengur að velkjast í þessum vafa. Munu og flestir það mæla að vér eigi förum með mikilli freku að málinu og er yður því skyldara góðu að svara."

Öngvir ansa fyr en Gísli.

Hann mælir og styðst á spjótskaft fram: "Vér munum verða nokkru að svara alls þú rekur þitt erindi (segir sagan) og þú hefur berlega á mig kveðið þó eg þykist nokkuð þverkominn við málið (segir sagan). Í fyrra sumar á Englandi var eg í þeim stað er heitir að Þúfusteini (eður eitthvað kennt við stein). Þar sat eg á torgi og hafði nokkru silfri að verja. Lá þar hjá mér sjóður einn sem í voru sjö merkur silfurs. Riðu þar um torgið nokkrir óskynsamir menn (segir sagan) og varð einum það fyrir að hann kynntist til við mig (segir sagan) og stakk spjóti sínu við sjóð mínum og renndi upp á og reið með það burt. Hafði eg ekki þar af. Vísa eg þér þar til bróðurgjalda. Þykir mér það að glíku (segir sagan) sem þetta mál því það silfur tel eg vera á vandar veifi (segir sagan) og munum vér þar eigi önnur fé til leggja (segir sagan)."

Eiður mælti Skeggjason: "Segja skal þursi ef hann situr nökkviður við eld (segir sagan) og er illa og óviturlega undir tekið að svo stórir menn sem nú eiga hlut að."

Gísli svarar: "Hér sannast það sem mælt er: Nýsir (varð ei öðruvís lesið) fjarri en ver sjaldan, og er það þín að von að halda svo svari frænda (minnir mig). Þeir Gíslungar er að sjá af sögunni að hafi verið að vísu venslaðir við Illuga svarta ef eigi Eið. En Illugi átti Ingibjörgu dótturdóttur Miðfjarðar-Skeggja, systurdóttur Eiðs, vide [þ.e. sjá] Landnámu, p. 53 et 88, et Laxdæla sögu, cap. 4, og er því ei að undra þótt Gísli þætti skyldug liðveisla Eiðs. En í þessari sögu man eg ei að væru nokkrar ættartölur Gests eður Borgfirðinga og mun það hafa undan gengið eins og vant er í sögum og verið í því tapaða stykkinu) þinna sem nú má heyra" og hleypur í brigslyrði við Eið.

Nú mælti Eiður: "Eigi hirðum vér að skattyrðast við þig" (segir sagan).

Gjöra nú menn mikinn róm að máli Barða og þykir þunglega svarað með slíku spaklæti sem þessa er beiðst.

16. kafli

Helga hét ekkja ung. Hún bjó vestur í Dölum (minnir mig). Hennar það maður sá er Grímur (minnir mig) hét norðan úr Eyjafirði. Konan var í ætt við Kleppjárn. Maðurinn var á alþingi og var hönum konan föstnuð. Skyldi brullaupið standa um haustið hálfum mánuði fyrir vetur (minnir mig).

Barði kom eitt sinn að búð Kleppjárns og mæltu þeir þar mundmálum (segir sagan). Þar sá Barði Narfa og kom Barði sér brátt í tal við hann og býður hönum heim til sín og það þáði Narfi.

Þá Barði kemur af þingi talar hann við Þórarin og segir hönum af málum sínum og sér þyki þunglega á horfast.

Þórarinn mælti: "Nú er so komið sem eg vildi. Er það nú í þreytt að so sýnist vitrum mönnum sem okkur (segir sagan) og er nú óvandara en fyrri að sjá hvar að skal ganga um hefndina."

Barði bað hann fyrir sjá.

Sá maður var það sumar í þingför með Barða sem Þórður hét, bóndi á Mársstöðum í Vatnsdal. Hann átti tvo hesta alhvíta nema á eyrunum, þar voru þeir svartir. Þóttu hönum hestarnir slíkt metfé að hann vildi þá eigi missa fyrir aðra hesta. Það hafði Þórði orðið til farreks að hestar hans báðir voru í brottu (segir sagan).

Narfi verður eftir á Lækjamóti. Tekur Þórarinn á móti hönum báðum höndum so Narfa þykir leika í lyndi.

Þórólfur hét maður er bjó á Sleggjulæk í Borgarfirði. Hann var nú mjög hniginn á hinn efra aldur er saga þessi gjörðist en hafði verið hinn gildasti garpur í æsku sinni. Konu átti hann sér. Voru þau alltíð ósamþykkt so sitt vildi hvert. Var hún óðmálug mjög og meðallagi vitur (segir sagan). Hann átti vopn góð í hirslum sínum er hann hafði eigi á haldið síðan hann létti vígaferlum.

Nokkru síðar kemur Þórarinn á tal við Narfa og spyr hversu hönum sé vingað við frændur sína. Hann svarar að lítill sé vinskapur þeirra á millum.

"Muntu vilja slá kaupi við mig?" (segir sagan) segir Þórarinn. "Mér er sagt að Þórólfur frændi þinn eigi sverð gott og getir þú sótt mér það, vil eg gefa þér stóðhross væn."

Narfi vill það gjarnan.

Þórarinn selur hönum í hendur stóran hníf er hann skal gefa konu Þórólfs til að vera í fylgi með sér "er mér sagt að vopnin eru sigurauðig (segir sagan). Mun þig ei bresta að ljúga hvað þér sýnist haganlegast hvar fyrir þú biðjir vopnanna."

Narfi bað hann að vera þar um óhræddan og gengur fús að kaupinu, hleypur síðan suður um heiði og kemur um kveld ofan í Hvítársíðu til eins frænda síns er bjó á Veggjum (minnir mig), er þar um nóttina og biður hann að ljá sér vopn og segir að einn Austmaður norður í Öxnadal (minnir mig) hafi skorað á sig til einvígis út af konu einni er báðir vildu hafa og sé stefnudagurinn að hálf mánaðar fresti og fái hann hvergi vopn. Segir hann það líklegasta til um náttstaði sína. Hinn svarar að þetta muni allt lygi og fái hann engi vopn hjá sér.

Líkar Narfa allilla og hleypur yfir til Þórólfs sem sverðið hafði og segir honum hvað hann á um að vera (segir sagan) og segir til náttstaða sinna sem á fyrri bænum. Var vel við hönum tekið að eins (segir sagan). Biður hann Þórólf að ljá sér vopn og kveður sér aldrei muni meiri nauðsyn á vera en nú. Þórólfur kvað sér annað nær en skipta sér af þó hann gjöri sér illindi við menn og megi hann sjálfur annast sín kvennamál og ei muni hann sleppa við hann sverðinu.

Fer Narfi þá til konu hans og tjáir henni mál sitt og gefur henni hnífinn.

Hún tekur við og þótti þing í vera, hleypur sem skjótast til karls síns og er næsta óðmálug, kveður það skömm mikla að vilja ei duga nauðstöddum frændum sínum "eða hvað skal fretkarli þínum so gott vopn þarstu ert kominn af fótum fram?" (segir sagan) og kveður það liggja ryðgað á kistubotni og muni nú lítið gagn í vera.

Hann svarar sem fyrri að hönum sé eigi það um Narfa gefið að hann sleppi vopnum sínum við hann og telur það manngi muni gjört hafa að klækjast á við hann (segir sagan).

Fer hún þá og brýtur upp hirsluna sem sverðið lá í, tekur það og selur í hendur Narfa en hann strýkur þegar norður og fær Þórarni.

Þórarinn kveður hann vel hafa rekið erindið og biður hann taka hrossin og fara norður fyrst um stund að firrast fund frænda sinna (segir sagan). Narfa þykir gjöfin góð, fer með hrossin burtu og er hann úr sögunni.

Þeir Gíslungar (minnir mig) þrír (heldur en fjórir) bræður höfðu einn teig við Hvítá að slá og gengu að því verki allir samt og skyldi teigurinn alltíð búinn á tilteknum tíma eftir þing (hafa so Heiðarvíginn gjörst eftir þessari sögu um haustið 1018).

Sá hlutur var til nýlunda þar norður um héröð, Vatnsdal og Víðidal, að af tókust öll mannamót (var so illa máð að ei varð lesið öðru vísi) á þeim misserum.

Skip hafði komið um sumarið í Blönduós. Hafði stýrimaður sem Einar hét (minnir mig) þar hest í hafti.

Maður hét Halldór (minnir mig), lítill bóndi er bjó í Kleifum (minnir mig) við Blöndubakka. Hestur stýrimanns hvarf um haustið. Klagar hann það fyrir Höskuldi goða á Höskuldsstöðum. Hann var góður maður og réttðæmur. (Þar getur og um mann nokkurn, son Þórdísar (rétt mun það minnst því þessarar Þórdísar að Spákonufelli á Skagaströnd getur Kormáks saga. Þórólfur hét maður hennar. Hún var mjög fjölkunnug. Hennar getur og í Vatnsdæla sögu að fjölkynngi einu) spákonu að Spákonufelli (að mig minnir) heldur en um hana sjálfa (hér datt botninn úr sögunni).

(Hér lýkur endursögn Jóns Ólafssonar úr Grunnavík og skinnbókarbrotið tekur við að því er virðist nokkurn veginn þar sem henni sleppir.)

... tvo daga. Nú saknar Halldór hestanna og leitar og finnur nú og þykir vera illa haldnir og fer nú til fundar við Þórarin. Verður nú við hann skapfátt og veitir honum áverka svo nökkvi mikinn að honum var það gildur þykkur og ei banvænlegur. En þaðan af kemur það fyrir þá Höskuld og Eilíf og beiða þeir bóta fyrir þingmann sinn. Hann lætur ekki brátt við því og ekki sættust þeir á það. Og stendur nú svo búið um hríð.

17. kafli

Barði hafði verksnúð mikinn og þeir bræður sumar það og fóru vel verk fram um sumarið er nú var betur til skipað en fyrr. Nú er þar komið sumri að sjö vikur lifa sumars. Þá fer Barði að hitta Þórarin fóstura sinn til Lækjamóts. Þeir hjöluðust oft löngum við og vissu menn óglöggð hvað þeir mæltu.

"Nú mun vera mannamót," segir Þórarinn, "á milli Hóps og Húnavatns þar sem heitir Þingeyrar en eg hefi því ráðið er engi voru hér til. Nú skaltu þangað fara og reyna vini þína fyrir því að nú vættir mig að menn séu forkunnar margir er lengi hefir dvalist. Mun nú þar vera fjölmennt. Vættir mig að þar komi Halldór fóstbróðir þinn. Bið hann föruneysis og brautargengis ef þér er nokkur hugur á að fara úr héraði á braut og hefna bróður þíns."

Bær heitir á Bakka. Hann er fyrir utan Húnavatn. Þar bjó kona sú er Þórdís hét og var kölluð gefn og var ekkja. Að ráðum var með henni maður sá er Oddur hét. Hann var gildur maður fyrir sér. Ekki var hann eins kostar féögfugur eða ættstór. Þó var hann frægur maður.

"Hann skaltu biðja fylgdar með þér. Hann ræður svörum."

Þar er kallað í sveit þeirri á Kólgumýrum og eru þar bæir margir og heitir einn bær á Meðalheimi. Þar bjó sá maður er Þorgísl hét. Hann var systrungur Gefnar-Odds að frændsemi og var hraustur maður og skáld gott og átti góða kosti fjár og gildur maður fyrir sér.

"Kveð þú hann til farar með þér."

Bær heitir að Búrfelli milli Svínavatns og Blöndu. Það er á Hálssum út. Þar bjó sá maður er Eiríkur hét og var kallaður viðsjá. Hann var skáld og eigi lítill fyrir sér.

"Hann skaltu kveðja til föruneysis með þér."

Í Langadal heitir bær á Auðólfsstöðum. Þar bjó sá maður er Auðólfur hét. Hann er góður drengur og mikill fyrir sér. Bróðir hans er Þorvaldur og er eigi hans við förina getið. Hann bjó þar sem heitir í Sléttadal. Það er upp frá Svínavatni. Þeir eru tveir bæir er svo heita. Hann var sterkastur maður að afli fyrir norðan land.

"Ekki skaltu hann kveðja til þessar ferðar og kemur til þess skapferði hans."

Bær heitir að Svínavatni og bjó þar sá maður er Sumarliði hét og kallaður gjallandi, auðigur að fé og góðum virðingum. Með honum var heima dótturson hans og hét Þorljótur Gjallandafóstri, hraustur maður.

"Bið hann til föruneysis með þér."

Eyjólfur hét maður er bjó að Ásmundargnúpi. Það er milli Vatns og Víðidal.

"Hann skaltu hitta. Bið hann fara með þér. Hann er vinur vor."

"Nú vættir mig," segir hann, "að lítt verði í ráðið ef þetta flytur þú fram á mannamótinu og leitar þar við þá um þetta mál og segir svo að þeir skulu eigi skyldir til farar með þér ef eigi kemur þú þann næsta laugardag til hvers þeirra er fimm vikur eru til vetrar. Og þann skaltu eigi hafa með þér er þá er eigi búinn fyrir því að sá er engi öruggur. Því skaltu þessa menn heldur velja til farar með þér en aðra sveitarmenn að þessir eru nauðleytamenn hver annars og eiga allir góða kosti og svo frændur þeirra eigi síður og er það þvílíkt sem þeir eru sjálfir. Og þessir eru röskvastir af öllum þeim er hér eru í Víðidal og öllum vorum sveitum og þeir munu yður best viljaðir er vorir vinir eru mestir. Nú er ólíkt hvort er að hafa með sér góða drengi og hvata eða einhleypinga óreynda þá er sér eiga einkis góðs kosti ef nokkuð hendir til vandræða. Nú eru og ráðnir til farar með þér heimamenn þínir og nábúar er bæði eru frændur þínir og tengdamenn, Eyjólfur mágur þinn frá Borg. Hann er hraustur maður og góður drengur."

Bær heitir í Vesturhópi á Þernumýri. Þar búa bræður tveir. Hét annar Þóroddur, Þorgísl annar og voru Hermundarsynir og bræðrungr Barða að frændsemi og áttu góða kosti fjár og miklir kappsmenn og góðir áræðis.

"Þeir eru ráðnir til farar með þér."

Nú eru þeir ráðnir bræður til farar þrír.

Enn eru nefndir bræður tveir er þar voru heima með honum og hét annar Ólafur en annar Dagur. Þeir voru systrungar Barða og höfðu þar upp vaxið með Guðmundi.

"Þeir eru ráðnir til farar með þér."

Enn eru nefndir tveir menn. Hét maður Grís og var kallaður Koll-Grís. Hann var þar upp fæddur í Ásbjarnarnesi. Hann var hagar maður og verkstjóri þeirra og hafði þeim lengi verið vel viljaður. Annar hét Þórður og var kallaður melrakki. Hann var fóstri þeirra Þuríðar og Guðmundar. Höfðu þau hann tekið lítið barn af volaði og fætt upp. Hann var alroskinn og vel að sér ger og það segja menn að fyrir hann var einskis örvænt, orðs né verks, og unnu þau honum mikið og virtu hann meira en hann var verður.

"Hann er ráðinn til heimanfarar með þér."

Nú eru nefndir þeir menn er fara skyldu með Barða. Nú er þeir hafa slíkt talað skiljast þeir.

18. kafli

Drottinsdaginn kemur Barði til Lækjamóts og ríður þaðan til mannamóts. Og er hann kemur þar þá er komið fjölmenni mikið og er þar skemmtan góð. Var mönnum nú forkunnur á skemmtan er lengi höfðu niður verið lögð mannamót. Nú var lítt í ráðið þótt mönnum væri tíðrætt á þeim fundi.

Takast að orðum þeir Halldór fóstbræður og Barði. Spyr Barði hvort hann vildi fara með honum nokkuð um haustið úr héraði.

Halldór segir að "ei mun það þykja tekið minnar handar mikilmannlega til orðs að eg þykist eigi búinn að fara. Nú er ferð mín albúin á braut en eg hefi ætlað að fara tvívegis. Nú hefi eg það ætlað ef svo fer sem eg vil að koma þér að liði er meira væri, ef þú þyrftir í nokkura nauðsyn héðan frá, fyrir því að

margir eru betur til fallnir fararinnar að því er eg hygg að þú viljir fara."

Barði lætur sér skiljast að svo er sem hann sagði og kveðst honum eigi mundu verri vinur en áður.

"En eg mun biðja þig nokkurs hlutar," segir Halldór. "Það var hér í sumar að mig skildi á við mann þann er heitir Þórarinn og varð hann fyrir áverka af mínu tilræði. Hann er lítils verður fyrir sínar sakir en þeir menn beiða bóta fyrir er hann er í þingi með og eru þeir mikils verðir. Nú hæfir mér eigi að varna þeim bóta, þeim Eilífi og Höskuldi. Vil eg að þú sættist á fyrir mína hönd en eg get eigi að mér. Þó hefi eg áður synjað að bjóða þeim yfirbætur."

Barði gengur þegar að hitta þá Höskuld og Eilíf og tekur máli þegar fyrir Halldór og leggja þeir fund með sér að sættast á mál, er fjórar vikur væru til vetrar, að Klifum að búi Þórarins.

Nú kemur Barði á mál við Gefnar-Odd að hann fari með honum til Borgarfjarðar suður.

Oddur svarar brátt því máli "og þótt þú hefðir kvatt vetri fyrir eða tveimur þá mundi eg þó búinn þeirrar ferðar."

Þá hitti Barði Þorgísl systrung Odds og talar hið sama mál.

Hann svarar: "Það munu menn mæla að ei hafir þú þessa fyrir kvatt en von var og mun eg fara ef þú vilt."

Hittir hann Arngrím fóstura Auðólfs og spyr ef hann muni vera í för með honum.

Hann svarar: "Búinn em eg þegar er þú ert búinn."

Slíkt hið sama mælti hann við alla þá er fyrir voru nefndir og tóku allir vel hans máli.

Nú mælti Barði að "þér hafið drengilega af þessu við mig. Nú mun eg koma laugardag til yðar er fimm vikur eru til vetrar og ef eg kem ei svo þá eruð þér einskis skyldir með mér að fara."

Ríða nú heim af mannamóti.

Hittast þeir nú fóstarnir, Þórarinn og Barði, og segir Barði honum hvað þeir Halldór ræddust við.

Þórarinn lætur vel yfir því og kvað ei að síður þessa för mundu fram komast að ei færi hann "og má hann enn vel koma þér að haldi og því hefi eg fyrir svo skömmu gert vart við þessa för að eg vildi að sem síst komi frétt áður í hérað þeirra Borgfirðinga."

19. kafli

Nú líður svo fram að föstudeginum í hinni séttu viku. Og að eykt dags þá komu heim húskarlar Barða og höfðu þá lokið mjög svo heyverkum. Barði var úti og þeir bræður er þeir komu heim verkmenirnir. Heilsuðu þeir þeim vel. Höfðu þeir með sér verksfæri sín og dregur Þórður melrakki eftir sér ljáorf sitt.

Barði mælti: "Dregur Melrakki eftir sér halann sinn nú."

"Svo er," segir hann Þórður, "að eg dreg eftir mér halann minn og ber eg lítt upp eða ekki. En þess varir mig að þú dragir þinn hala mjög lengi áður þú hefnir Halls bróður þíns."

En Barði hefndi honum öngu orði. Ganga menn til borða. Þeir bræður matast skjótt og stíga undan borðinu þegar og gengur Barði fyrir Þórð melrakka og mælti við hann, leggur fyrir hann verk hvað hann skal gera um aftaninn og um daginn eftir laugardag.

Fjórir tígir sátna voru ófærðir saman í Ásbjarnarnesi og það mælti Barði að það skal hann saman færa og lúka því um aftaninn "en þú skalt fara á morgun að sækja forustugelding vorn er heitir Fleygir því að geldingar eru gengnir úr afrétt og heim í haga" - því vísaði hann honum til þess að hann var verra að henda en aðra sauði og var hann skjótari - "nú skaltu og á morgun sækja í Ambáttardal yxin fimm vetra gamalt er vér eigum og drepa af og færa slátrið allt til Borgar suður laugardag. Verkið er mikið en ef ei er unnið þá muntu reyna hvor halann sinn ber brattara þaðan frá."

Þórður svarar og kveðst oft hafa heyrt hót hans digur og blotnar hann ei við.

Nú ríður Barði um aftaninn til Lækjamóts og þeir bræður og hjala þeir Barði og Þórarinn um aftaninn.

20. kafli

Nú er að segja frá sýslu Þórðar hversu honum endist. Saman ók hann heyið er staðið hafði í Víðinesi. En þá er hann kemur heim þá býst smalamaður að reka fé sitt út á Björg og ríður Þórður hesti þeim er hann hafði ekið á um aftaninn og nú finnur hann geldingaflokk sem honum hafði verið til vísað og fær ei sótt fyrr en út að Hópsósi. Nú gerir hann til geldinginn og ríður heim með slátrið. Nú hefir hann sprengdan hestinn. Nú tekur hann annan hest og hleypir yfir í dalinn sem leið liggur fyrir. Ekki hirðir hann hvort hann fer á dögum eða nóttum. Nú kemur hann árdegis þar og fær yxinið og drepur af og gerir til, bindur upp á hestinn og fer síðan leiðar sinnar og kemur heim, leggur af hestinum, tekur slátur geldingsins. Og er hann kemur aftur þá var á brautu einn limur oxans. Þórður mælti ei gott. Maður gengur í gegn, að á braut kveðst tekið hafa, og bað hann ei dirfa sig um að ræða nema hann vildi hafa högg. Tekur hann annað slátrið og fer til Borgar suður sem honum var boðið.

Nú tekur Ólöf systir Barða og fóstura hennar við slátrinu. Sú hét og Ólöf. Hún var vitur kona og fóstura Barða og þeirra Guðmundarsona. Hún var kölluð kjannök og voru svo skilið nöfn með þeim. Ólöf fóstura Barða var vitur mjög og kunni mart gerla að sjá og þeim vel viljuð Guðmundarsonum. Hún var fróð og forn í skapi.

21. kafli

Nú er frá því að segja hvað þeir hjöluðust við fóstura, Þórarinn og Barði, áður hann væri í braut búinn. Þeir hjöluðu mart. Það var laugarmorguninn snemma. Skyldi hann þá fara að finna föruneyti sitt er með honum skyldu fara. Og þá er hann er búinn til brautreiðar þá eru þar leiddir fram hestar tveir hvítir og svört eyru á hvorumtveggja. Þá hesta átti Þórður frá Breiðavaði. Þeir höfðu horfið um sumarið á þingi.

Nú mælti Þórarinn: "Hér eru hestar Þórðar. Skaltu fara og færa honum og þiggja engi laun af honum fyrir og ei er þess vert fyrir því að eg réð er þeir hurfu og hafa í minni varðveislu verið. Og var torsætt að þeirra hefði neytt verið. En því lét eg hesta þessa taka að mér þótti þetta merkilegra, að spyrja eftir hestum þessum en dusilhrossum og hefi eg oft senda menn til Borgarfjarðar suður í sumar að spyrja eftir þeim. Þótti mér það vera merkilegt erindi og vættir mig að eigi mundi í það ráðið. Og nú hefi eg sendan mann af nýju suður og mun sá sunnan koma á morgun og segja tíðindi sunnan úr héraðinu."

Þá var kaupstefna á Hvítárvöllum og voru skip komin af hafi litlu fyrir en það var.

22. kafli

Nú ríður Barði þaðan og kemur á Bakka þar sem Þórdís bjó og stóð þar hestur söðlaður og skjöldur stóð þar hjá og ríðu þeir heim mikinn dýn í túnið eftir hörðum velli. Þar var úti karlmaður og kona og þó hún höfuð hans og voru þau Þórdís þar og Oddur. Og var að vanlyktum nokkuð er hún þó höfuð hans og hafði hún eigi þvegið löður úr höfði hans. Og þegar er hann sá Barða þá sprettur hann upp og fagnar honum hlæjandi. Barði tók vel kveðju hans og biður konu lúka verki sínu og vaska honum betur. Hann lét svo gera og nú býst hann og fer með Barða.

Nú koma þeir út yfir Blöndu til Breiðavaðs og færa Þórði hesta sína.

Það er að segja að í þann tíma var Þorgísl Arason riðinn norður til Eyjafjarðar á þeirri vikunni er um var liðin er hann skyldi kvongast að Þverá og var hans norðan von á annarri viku.

Þórður tekur vel við hestum sínum og býður góða hesta gelda að launum.

Hann kveðst ei vilja laun fyrir þetta og svo kvað hann þann bjóða er hestana hafði heimta: "Skal þín vinur," segir hann, "í þörf neyta."

Ríður Barði í Langadal og á völlum mjög svo að bæ Auðólfs. Nú sáu þeir að maður reið úr túninu ofan og kenna þeir Arngrím förunaut sinn er vera skyldi og ríður hann nú með þeim. Ríða nú vestur yfir Blöndu til Eiríks viðsjá og koma þar er fé var embætt að morgunmáli milli miðdegis og dagmála og hitta smalamann og spurðu hvort Eiríkur væri heima.

Hann sagði að hann var á hesti í sólarupprás "og nú vitum vér eigi hvert hann hefir riðið."

"Hvað þykir þér líklegast hvert hann mun riðið hafa?" og kemur í hug að hann mun skotist hafa undan og vilja ei fara.

En ei bar svo raun vitni að hann hefði undan skotist. Sáu þeir þá tvo menn ríða ofan meðfram Svínavatni, þaðan var víðsýnt af bænum, og kenndu að þar var Eiríkur viðsjá og Þorljótur Gjallandafóstri. Þar hittast þeir við á þá er heitir Laxá er fellur úr Svínavatni. Fagna hvorir öðrum vel, ríða til þess er þeir koma til Þorgísl á Meðalheim. Þeir kvöddust vel og ríða síðan leiðar sinnar og komu nú mjög að Gljúfurá. Þá mælti Barði að menn skyldu ríða til bæjar að Ásmundargnúpi og hitta Eyjólf Oddsson.

"Maður ríður," segir hann, "og ei seint frá bænum út og ofan með ánni. Vættir mig," segir hann, "að þar sé Eyjólfur. Get eg hann munu vera við vaðið er vér komum þar og ríðum fram."

Svo gerðu þeir.

Nú sjá þeir mann við vað, kenna þar Eyjólf, hittast nú og kvöddust vel, fara nú leiðar sinnar og komu þar sem heitir á Ask í Víðidal.

Þá ríðu í mót Barða og förunautum hans þrír menn í litklæðum og hittust þeir brátt er hvorir ríðu í mót öðrum og voru hér tveir systursynir Barða í þeirri för og hét annar Lambkár en annar Húnn og þá er hinn þriðji vatnsdælskur í för með þeim. Þeir höfðu komið út vestur í Víðidal allir. En Guðbrandur faðir þeirra og Guðrún móðir þeirra bjuggu út í Víðidal á bæ þeim er síðan heitir á Guðbrandsstöðum. Nú verður þar fagnafundur mikill með þeim frændum er Barði hittir systursonu sína. Segja hvorir öðrum tíðindi. Barði segir för sína hvert hann ætlaði. Þeir voru átján vetra gamlir og höfðu einn vetur

utan verið. Þeir voru hinir mestu ágætismenn að vænleik og að afli og að íþróttum og þó væru þeir vel að sér gervir þótt þeir væru fulltíði að aldri. Nú réðu þeir ráðum sínum og kveðst þeim á því hugur að ráðast í för með þeim en förunautur þeirra fer í Víðidal.

Barði ríður nú þar til er hann kemur til Lækjamóts og segir nú fóstura sínum svo búið.

"Nú skaltu ríða heim í Ásbjarnarnes en eg mun á morgun ríða til fundar við þig og með mér Þorbergur son minn. Mun eg þá ríða á leið með yður."

23. kafli

Nú fer Barði heim og föruneyti hans og er heima nótt þá. Um morguninn býr Koll-Grís þeim dögurð. En það var síður að lagður var matur á borð fyrir menn en þá voru öngvir diskar. Það varð til nýnæmis að af hurfu þrennar deildirnar fyrir þremur mönnum. Gekk hann og sagði til þess Barða.

"Hef þú fram borð," segir hann, "og ræð ekki um það fyrir öðrum mönnum."

En Þuríður mælti að þeim sonum hennar skyldi ekki deila dögurð og kvaðst hún deila mundu. Svo gerir hann að hann hefur borð fram, borð fyrir mann, og deilir mat á. Þuríður gengur þá innar og leggur sitt stykki fyrir hvern þeirra bræðra og var þar þá yxinsbógurinn og brytjaður í þrennt.

Tekur hann Steingrímur til orða og mælti: "Þó er nú brytjað stórmannlega móðir og ekki áttu vanda til að gefa mönnum svo kappsamlega mat og er á þessu mikið vanstilli og ertu nær óvitandi vits."

Hún svarar: "Ekki er þetta furða nein og máttu þetta ekki undrast fyrir því að stærra var Hallur bróðir yðar brytjaður og heyrði eg yður ekki þess geta að það væri nein furða."

Hún lætur fylgja slátrinu sinn stein fyrir hvern þeirra. Þeir spurðu hvað það skyldi merkja.

Hún svarar: "Melt hafið þér það bræður er ei er vænna til en steina þessa er þér hafið ei þorað að hefna Halls bróður yðars, þvílíks manns sem hann var, og eruð þér orðnir langt frá yðrum ættmönnum er mikils eru verðir og ei mundu þeir þvílíka skömm eða hneisu setið hafa sem þér hafið þolað um hríð og margra ámæli fyrir haft."

Gekk hún utan og innar eftir gólfinu eiskrandi og kvað vísu:

Brátt munu Barða frýja
beiðendr þrimu seiða.
Ullr, muntu ættar spillir,
undlinns, taliðr þinnar
nema lýbrautar látir
láðs valdandi falda,
lýðr nemi orð sem kváðum,
lauðrhys boða rauðu.

Nú hrinda þeir fram borðum og öllu því er á var og ganga til hesta sinna og búast hvatlega. Það var drottinsdaginn er fimm vikur voru til vetrar. Nú stíga þeir á bak hestum sínum og ríða á braut úr túni.

Nú sjá þeir það bræður til Þuríðar móður sinnar að hún var komin á bak hesti þeim er þau kölluðu Eykjarð og hún hafði heimt húskarlar sinn til föruneytis við sig. Hann er eigi nefndur en svo er sagt að hann mun grunnúðigur vera.

Nú mælti Barði: "Þetta horfir til ófnis er hún er á ferð komin og mættum vér þess vel án vera og verður nú að leita ráðs og létta á ofanförina hennar."

Hann heimtíri til sín þá Ólaf og Dag, heimamenn sína.

"Nú skuluð þið," segir Barði, "ríða á mót henni og mælið við hana sæmilega og fagurt en gerið sem eg býð, segið að það sé vel er hún er komin í för vora. Biðjið hann vel fylgja henni húskarlinn, og styðjið hana á baki og ríðið svo uns þér komið fram að Faxalæk. Hann fellur úr Vesturhópsvatni og ofan í Víðidalsá. Skeiðgata liggur að læknum norðan og svo frá honum. Og þá skuluð þið spretta gjörðunum hennar. Skal Dagur það gera og láta sem hann gyrði hestinn er þér komið að læknum og reiðið hana af baki svo að hún falli í lækinn ofan og svo þau bæði en hafið með ykkur hestinn."

Nú ríðu þeir í mót henni og kvöddu hana vel.

"Og urðuð þið heldur til þess að ríða í mót mér en synir mínir," segir hún, "og sæma mig?"

"Þeir buðu okkur þetta erindi," segja þeir.

Hún segir: "Því em eg í ferðina komin að mig vættir að síður mun fyrir farast nokkur stórræði fyrir því að ei skal skorta til áeggjun fyrir því að þess þarf við."

Þeir láta það mjög munu bæta að hún fari. Ríða nú þar til er þau koma fram að Faxalæk.

Þá mælti Dagur: "Þessi maður er mannvitull er þér fylgir Þuríður. Hann hefir ekki svo vel gyrt hest þinn að það muni duga. Er það skömm mikil að fá slíkt til fylgju við dugandi konur."

"Gyrtu betur þá hestinn en áður er," segir hún, "og fylg mér síðan."

Hann tekur nú og sprettir gjörðunum af hesti kerlingar, rekur þau bæði af baki í Faxalæk, sem þeim var boðið. Þar var Þuríði við öngu meini hætt og grufklar hún af læknum. Þeir ríða nú í brott og höfðu hestinn með sér. Hún fer heim um kveldið og húskarl hennar og ei erindi fegin.

24. kafli

Barði ríður nú og flokkur hans leiðar sinnar þar til er þeir áttu skammt til Borgar. Þá ríða menn að móti þeim nokkurir og var þar Þórarinn goði fóstri Barða og Þorbergur son hans. Þeir ræðast við þegar og takast að orðum fóstrarnir.

"Þó hefir þú þar fóstri," segir Barði, "sverð mikið um kné þér."

"Hefir þú eigi séð mig hafa þetta vopn fyrr, hygginn og glöggþekkinn?" segir Þórarinn. "Svo er og. Ei hefi eg fyrr haft. Nú skulum við skipta vopnum. Skal eg það hafa er þú heldur á."

Og svo gerðu þeir.

Þá spurði Barði hvaðan honum kom.

Hann sagði honum með öllum atburðum hve fór með þeim Lygi-Torfa og hve hann hafði lokkað hann til að sækja vopnið "en Þorbergur son minn hefir annað vopnið og á það Þorbjörn en Þorgautur á þetta er þú hefir. Það þótti mér maklegast að vopn þeirra lægðu ofmetnað þeirra og dramb. Því réð eg þessi ráð og svo hið sama hefndir þú þeirrar svívirðingar þinnar er þeir gerðu til þín og yðarra frænda. Nú vildi eg að þú værir mér ráðhollur, svo mikla stund sem vér leggjum á yðra sæmd."

Nú ríða þeir í tún að Borg til Eyjólfss mágs þeirra bræðra. Þar voru tveir hestar búnir fyrir dyrum er Barði kom í garð og voru á öðrum vistir þeirra bræðra og ætlaðar voru þeim til nests og jarteindu það þau hin nýju slátrin er Barði lét þangað færa. Þær vistir hafði búið Ólöf systir þeirra og Kjannök fóstura hans. Þá stígur Eyjólfur á bak og var alþúinn að ríða í tún frá dyrum.

Þá kemur út kona og kallar á Barða og mælti að hann skyldi aftur ríða þangað til dyranna og kveðst eiga mál við hann. Það var Ólöf systir hans. Hann bað þá ríða fyrir en hann kveðst ekki mundu dveljast. Kemur hann að dyrum, spyr hvað hún vill. Hún biður hann stíga af baki og hitta fósturu sína. Hann gerir svo, gengur inn.

Kerlingin æmtir við innar í húsinu en hún var í rekkju sinni.

"Hver fer þar nú?" spyr hún.

Hann svarar: "Barði er hér nú. Hvað viltu mér fóstura?"

"Gakk þú hingað," segir hún. "Vel ertu kominn nú. Sofið hefi eg nú," segir hún, "en vakað hefi eg í nótt að búa vistir yðrar og systir þín. Far þú hingað," segir hún, "og vil eg þreifa um þig."

Barði gerði svo sem hún mælti því að hann unni henni mikið. Hún tekur til í hvirflinum uppi og þreifar um hann öllu megin, allt á tær niður.

Barði mælti: "Hve kennist þér til og hve ætlar þú vera, þó þreifar þú nú svo vandlega?"

Hún svarar: "Vel þykir mér," sagði hún. "Hvergi þykir mér við hníta svo að eg finni stórum."

Barði var mikill maður og sterkur að afli. Digur var háls hans og spennir hún höndum sínum um háls honum og tekur úr serk sér steinasörvi mikið er hún átti og dregur á háls honum og dregur yfir skyrtuna. Hann hafði tygilhníf á hálsinum og lét hún hann þar vera og bað hann vel fara. Hann ríður nú á braut eftir förunautum sínum.

Hún kallar eftir honum: "Lát vera nú svo búið sem eg hefi um búið og vættir mig að þá mun hlýða."

25. kafli

Nú er hann kemur til liðs síns þá ríða þeir leiðar sinnar. Þórarinn fer langt á leið með þeim og hefir umráð um ferð þeirra. Honum þykir mikið undir að þeim færist vel.

"Gistingarstað hefi eg yður fengið," segir hann, "í Gnúpsdali, er þér skuluð hafa. Njáll heitir búandi er þér skuluð í nótt gista. Svo er sagt að hann sé ekki mikill þegn við aðra menn af fé sínu. Þó hefir hann ærið. Þess vætti eg að við yður taki hann að orðsendingu minni. En nú er sá maður hér kominn er í nótt reið sunnan úr Borgarfirði er eg sendi suður í þessi viku að vita tíðindin í hérað og kann sá mér gerla satt að segja og hefir hann það sagt að Hermundur Illugason mun vera í kaupstefnu öndurða þessa viku og margir aðrir héraðsmenn. Það munuð þér og spurt hafa að þeir bræður, synir Þorgauts, hafa sýslu fyrir höndum í sumar að slá teig þann er heitir Gullteigur. Nú líður fram verkið svo að lokið mun miðvikudag í þessi viku og munu þeir heima vera. Spurt hefi eg það að þeim er títt að ræða Gíslungum þegar nokkuð hark verður og háreysti. Þá mæla þeir: "Mun ei Barði koma?" Gera að því mikið spott og háð við yður til svívirðingar. Nú gerist hér og það sagt með miklum sannindum að það hafa þeir héraðsmenn samráðið, ef nokkur tíðindi verða í héraðinu þau er af manna völdum eru þá skulu allir skyldir til eftir þeim að ríða, síðan er þeir Snorri goði höfðu sofið skammt frá byggðum eftir víg og sín stórvirki, og skal sá útlagður, er eigi verður til þess búinn, þremur mörkum, hver sá er þingfararkaupi á að gegna frá Hafnarfjöllum og til Norðurár sem þeirra þingmenn eru flestir Síðumanna og Flókdæla.

Nú ríðið þér annan dag viku frá Njáls og farið tómlega. Hafið náttstaði á heiðinni" - þá fékk hún það nafn að hún var Tvídægja kölluð - "og skuluð koma til vígis þess hvorstveggja er á heiðinni er, þá er þér farið suður, og sjáið hvort svo sé sem eg segi yður. Flói heitir á heiðinni og eru þar vötn stór. Það er í norðanverðum flóanum vatn það er nes liggur í og ei breiðara að ofanverðu en níu menn megi standa jafnfram og deilir norður vatnföllum til héraða vorra úr því vatni. Þangað vísa eg yður til. En annað vígi er í sunnanverðum flóanum er eg vildi síður að þér hefðuð og yður gegnir verr ef þér þurfið til að taka. Þar gengur enn nes fram í vatn. Þar mega standa átján menn jafnfram og deilir suður vatnföll til héraða þeirra úr því vatni. En þér munuð koma suður þriðja dag þann til selja er allir menn eru farnir úr seljum eftir endilöngum Kjarradal og þar eiga allir Síðumenn selfarar og hér til hafa þeir þar dvalist. Nú vættir mig að þar komið þér nær eykt dags. Þá skulu ríða tveir menn af liði yðru ofan í hérað þar og eftir fjalli og svo til brúa og koma eigi til byggða fyrr en fyrir sunnan ána. Þá skuluð þið koma á bæ þann er heitir á Hallvarðsstöðum og spyrja bónda tíðinda og fréttu eftir hestum þeim er horfið hafa norðan úr sveitum. Þið skuluð spyrja úr kaupstefnu. Þá munuð þið sjá á Gullteig er þið farið ofan með ánni hvort þar séu menn að slætti sem nú er eftir hermt. Þá skuluð þið ríða upp svo til vaðs og láta búanda ykkur til vaðs vísa, ríða svo til heiðarinnar og upp á heiðina. Þá munuð þið sjá á Gullteig er þið farið með ánni. En miðvikumorgun skaltu fara ofan á brúna, þar er þér sjáið tíðindi um héraðið, og skaltu þá skipta liði þínu í þrjá staði alls þér eruð átján saman. Eftir skal vera hinn nítjándi og gæta hesta yðvarra og skal þar vera Koll-Grís og láta þá vera búna er þér þurfið til að taka. Sex skulu menn vera á brúnni uppi og mun eg ákveðið gera hverjir þar skulu vera eða hví þannig er til skipt. Þeir frændur skulu þar vera, þeir Þorgísl af Meðalheimi og Arngrímur og Eiríkur viðsjá og Þorljótur Gjallandafóstri, Eyjólfur frá Ásmundargnúpi. Því skulu þeir þar sitja að þeir munu þér vera menn stríðastir og torsveigastir er þér komið í héraðið en yður hæfir eigi svo að ei hafið þér stilling við og vit. En miðleiðis skulu sitja aðrir sex, bræður Þóroddur og Þorgísl af Þernumýri, bræðrungr Barða, og sá maður hinn þriðji er kom í stað Halldórs. Þeir skulu og þar vera systursynir þínir, Húnn og Lambkár, Eyjólfur mágur þinn hinn sétti. Þeir munu þér hótí ráðhollari og ei með jafnmiklum geysingi. Fyrir því skulu þeir sitja að þá sjá þeir mannfara um héraðið. En þér sex skuluð ofan fara, þú og Steinn bróðir þinn og Steingrímur, Ólafur og Dagur og Þórður. Þeir munu þér ráðhollastir og er þeim þó fullliða er á teignum eru fyrir. Nú skuluð þér þegar á braut fara er þér hafið þeim skaða gert fyrir því að ei mun yður eftirföri ljúgast og minni mun stund á lögð um eftirföri ef eigi eru sénir meir en sex menn og mun ei þá mjög fjölmennt eftir ef svo er með farið. Nú skuluð þér undan ríða sem hvatast þar til er þér komið til hins nyrðra vígis á heiðinni fyrir því að þá ber norður alla kviðburði og er yður það mest fullting að svo yrði. En þó grunar mig að ei komir þú því við fyrir þeirra ofstæki er þér fylgja. En nú munum vér skiljast að sinni og finnumst heilir."

26. kafli

Nú kemur Barði að kveldi til Njáls með flokk sinn og stendur Njáll úti og býður þeim gisting öllum ölværlega. Þeir þiggja það, láta lausa hesta sína, setjast á báða bekki. Njáll er úti um kveldið og kona hans og búa vistir gesta sinna en sveinn þeirra er inni ungur og skemmtir þeim. Barði spyr sveininn ef hann hafi brýni nokkuð.

"Eg veit," segir hann, "harðstein er faðir minn á og þori eg eigi að taka."

"Eg mun kaupa að þér," segir Barði, "og fá þér til tygilhníf."

"Já," segir hann sveininn, "hví mun eg eigi til ráða þá?" Leitar harðsteinsins og finnur og selur Barða.

Barði tekur við harðsteininum og ekur tygilhníf af hálsi sér og þokast þá nokkuð steinasörvið er hún hafði látið á háls honum kerlingin, og þess verður getið síðar. Nú brýna þeir vopn sín. Nú þykist sveinninn hafa vel hnykkt er þeir hafa það sem þeir þurftu. Nú eru þeir þar um nótt og hafa góðan beina. Nú ríða þeir leið sína annan dag viku í góðu veðri og fóru ekki hart. Spyr Barði Eirík viðsjá

hvernug hann ætlaði að farast mundi.

Hann svarar:

Blóðs, höfum hlynr of heiði
hræborðs farið norðan,
vér hyggjum nag næra
nítján saman, rítar.
Þó getum hins að, hríðar
hlunntams, munum sunnan,
ár, hyggr skáld til skæru,
skæs, nokkuru færi.

Nú eru þeir þar um nóttina á heiðinni og ríða miðvikudag í Kjarradal og var það nær eykt dags. Og er þeir höfðu áið um stund þá ríða tveir menn ofan í hérað sem til hafði skipað Þórarinn og hittu önga menn á bæjum og fóru fjallveg allt og komu til brúar og nú á Hallvarðsstaði og sáu tíðindi gerva á Gullteig og sáu það að þar voru karlar á teignum og slógu allir í skyrtum og sýndist jafnt eftir því sem sagt var, sýndist að jafnt mundi eftir dagsláttu sem sagt var, finna nú búanda og hjöluðu við hann og spurðu tíðinda. Hvorigir kunnu öðrum þar tíðindi að segja og spurðu þeir að hestum þeim er þeir voru á leit komnir og mjög oft höfðu verið farar til gervar. Hann kvaðst aldregi vita hvar þeir voru og bað þá svo klifa ey og ey. Þeir spurðu hvað tíðinda væri í kaupstefnunni eða hve fjölmennt þar væri. Hann kvaðst óglögggt hafa spurt hvað þar er títt, kveðst og öngu máli þykja skipta. Þeir báðu hann vísa sér leið upp með ánni til vaðs. Svo gerir hann. Skiljast þeir. Fóru þeir til fundar við förunauta sína og segja þeim svo búið, sofa af nótt þá.

27. kafli

Nú er nokkuð að segja frá þeim héraðsmönnum er hér koma við þetta mál. Þorbjörn Brúnason stóð upp snemma á Veggjum og biður húskarl sinn standa upp með sér "og skal fara upp til smiðju í dag til Þorgauts og skal smíða þar."

Það var snemma, þegar í sólarupprás. Hann kvaddi þeim dögurðar og var það eigi á kveðið hvað fengið var annars en húsfreyja setti fyrir þá trygil á borðið. Þorbjörn vottar að honum sé eigi vel fengið og rekur meðal herða henni trygilinn. Hún snýst við og verður illa við og mælti við hann hrapallegt og svo hvort við annað "og ber þú það fram," segir hann, "er ekki er í nema blóð eitt og undur er þú sérð eigi missmíði á því."

Hún svarar honum þá stillilega: "Ekki bar eg það fram er ei mættir þú vel neyta og ætla eg ei því verr að þau undur beri fyrir þig að þú sért brátt í helju og víst mun þetta þín furða vera."

Hann kvað vísu:

Eigi mun sú er eigum
auð-Vör að mig dauðan,
fold vill mens í moldu
minn aldr, blá falda.
Ann, en ekki vinna
elds má brík að slíku,
það er óskaplegt, eplis
ölseljan mér Heljar.

Þá hleypur hún á braut og tekur osthleif og kastar fyrir hann. Hún sest í pallinn öðrumegin og grætur.

Þorbjörn kvað vísu aðra:

Óþakkir kann ekkju
Áta mars, þótt gráti,
fákrennandi fannar
fagrstrykvins, mig kykvan,
því að áms litar ímu
ofnauð er, er skal dauðan
hlýra höfgum skúrum
heiðingja mig leiða.

"En þó bregður nú kynlegu við. Undan þykir mér nú gaffhlaðið vera hvorttveggja undan húsinu og á sýnist mér falla ströng eftir húsinu og norðan af heiðinni en mold ein sýnist mér og svo kennist mér ei síður osturinn sjá er eg et."

Og stíga þeir undan borðinu og ganga til hesta sinna og stíga á bak og ríða úr garði.

Þá tekur hann til orða Þorbjörn: "Dreymt hefir mig nú í nótt," segir hann.

Húskarl spyr: "Hvað dreymdi þig?" segir hann.

"Þar þóttist eg vera staddur er eigi þótti öllum einnug og þóttist eg hafa sverð það er eg hefi vanur verið að hafa í hendi mér en nú er ei heima og brotnaði í sundur þegar eg hjó fram. En eg þóttist kveða vísur tvær í svefninum og man eg þær báðar:

Það varð mér, hinn mæra
minn vanda eg brag, randa
hjálms-Fenrir brast hólma
hvítvöndr, í tvau, rítar,
þars á mætu móti,
mótrunnr jöru snóta,
heimþingaðar hanga
hnitu reyr saman dreyra.

Væri betr, að eg bæri
benvönd í gný randa,
hleypir kjóls, og heilan
haus, ókostalausán,
sá er dalreyðar dauða
dýrfitjar skal vitja,
herðigaldr og heldimk
hann, ófáum manni.

Nú nam sá vísur báðar er honum fylgdi, en þeir riðu.

Nú svipast hann um Þorbjörn.

"Já," segir hann, "heima liggja nú smíðarefnin eða ellegar hafa niður fallið. Far þú aftur og leita. Finnur þú á leiðinni þá far þú til smíðju en eg mun ríða fyrir. Nú ef ei finnur þú á leiðinni þá far þú til verks þíns."

Nú skiljast þeir. Finnur húskarl eigi smíðarefni. Þorbjörn ríður nú til Þorgauts frænda síns til smíðju og hittir hann fyrir dagmál dags. Kveðjast þeir og spurðust að tíðindum. Hvorgi kunni öðrum þar tíðindi að segja.

Nú er frá því sagt að þeir synir Þorgauts rísa upp allir og fara að slá á Gullteig og ræddu um það að nú mundi vel vita og nú mundi sleginn verða Gullteigur hinn sama dag, ganga til teigs og lögðu af sér klæði sín og vopn.

Gekk Gísli um teiginn nokkuð svo og sá á er þeir ætluðu að slá og nemur staðar og kvað vísu:

Hér vildu mig, höldar,
kom fress í stað þessum
fálu fúra véla
fjölræks marar sækja.
Hitt segir Ullr, að allir,
oddgaldurs, munit skaldi
hríðar Hlakkar glóða
herðendr trúir verða.

Hann segir draum sinn að honum þótti sem þeir væru þar staddir á Gullteig og kæmu að þeim vargar margir og ættust þar við og var mikið um "og eg þóttist vakna við það er eg hljóp undan heim til bæjarins."

Tóku þeir til verks síns og slógu um stund.

28. kafli

Nú hefir Barði skipað liði sínu í setu sem fóstri hans kenndi honum og áður er sagt og nú segir hann þeim öllum hver fyrirætlun hans er í áhuga. Þá undu þeir við hótí betur og ætluðu að þá mundi fram koma það er fyrir var ætlað og létu sér líka þessa tilskipun að kalla og kváðust þó ætla að litlar mundu atgerðir verða.

Þá var skógur mikill í Hvítársíðu sem þá var víða hér á landi. En þeir sátu fyrir ofan skóginn sex og sáu gerva tíðindi á Gullteig. Barði var í skóginum og snertu eina frá þeim, þar er þeir slógu, og þeir sex saman. Nú hyggur Barði að hve margir menn væru að slættinum. Nú þykist hann eigi vita víst hvort kona er hinn þriðji maðurinn er hvítt er til höfuðsins að sjá "eða mun þar vera Gísli?"

Ganga nú ofan undan skóginum hver eftir öðrum og þótti þeim svo fyrst Þorgautssonum sem einn maður gengi þar.

Og tekur hann til orða Þormóður er síðast sló á teignum: "Menn fara þarna," kvað hann.

"En mér sýnist," segir Gísli, "að maður gangi einn."

En þeir gengu hart og runnu eigi.

"Eigi er það," kveður Ketill brúsi. "Menn eru þar og eigi allfáir" og námu staðar nokkuð og sáu á.

Ketill mælti: "Mun eigi Barði þar vera? Og ei er honum ólíkt og kann eg eigi mann að kenna ef ei er hann og svo var hann búinn í sumar á þingi."

Þeir bræður sáu á, Ketill og Þormóður, en Gísli sló og tók til orða: "Svo látið þér," segir hann, "sem Barði muni koma undan hverri hríslu í allt sumar og hefir hann enn eigi komið."

Þeir Barði höfðu skipað til mönnum áður að tveir skyldu annast einn hvern þeirra. Þeir Barði og Steinn skyldu annast Ketil brúsa. Hann var rammur að afli. Þeir Dagur og Ólafur skyldu ganga í mót Gísla. Þeir Steingrímur og Þórður skyldu ganga í mót Þormóði. Nú snúa þeir að þeim.

Nú mælti Ketill: "Eigi mun við ljúgast að hann Barði er kominn" og vildu þrifa til vopna sinna og engi þeirra fékk náð sínum vopnum.

Nú er þeir sjá hvar komið er þá vilja þeir hlaupa heim til túngarðsins, Ketill og Gísli, og Barði eftir og fjórir hans förunautar. En Þormóður snýr niður til árinna og þeir eftir honum, Þórður og Steingrímur, og elta hann á ána og grýta hann frá landi. Hann kemst yfir ána og er hann vel fær. Nú koma þeir heim að garðinum bræður. Verður Ketill skjótari og stiklar yfir inn. Og þá er Gísli hleypur á garðinn þá fellur torfa úr garðinum og skriðnar hann. Þá kemur að Barði. Hann varð þeirra skjótastur og höggur til hans með sverðinu Þorgautsnaut og höggur mjög svo af andlitið. Nú þegar snýr hann í mót förunautum sínum og segir þeim að áverki hefði orðið nokkur. Þeir kváðu lítið tilráð orðið mundu og ósnöfurmannelgt. Hann lét þó svo búið þá mundu verða að vera "og skulum nú aftur hverfa."

Hann verður að ráða og er það þó mjög í móti vilja þeirra. Ketill kippir honum Gísla inn af garðinum og kastar honum á bak sér. Ekki sjá þeir að honum yrði mikill þungi að honum. Hann hleypur heim til bæjarins. Þeir Þorgautur voru í smiðju og Þorbjörn og bíður ef húskarl hans kæmi með smíðarefni.

Hann mælti Þorgautur: "Þó er hark mikið. Er eigi Barði kominn?"

Ketill kom inn í smiðjuna í því bili og segir: "Það fann Gísli son þinn að hann er kominn," kastaði honum dauðum fyrir fætur honum.

Barði snýr nú í mót förunautum sínum og kvaðst það ætla að kominn mundi maður fyrir mann. Þeir kváðu þá eigi jafnmenni vera og kváðu lítið að gert þótt einn maður væri drepinn og fara svo langt til. Nú er þeir hittast allir förunautar þá mæltu þeir er efri voru í setunni að víst eigi hefðu þeir farið ef svo skyldi á braut leysast að eigi skyldi meiri hefnd eftir því líkan harm sem þeim hafði ger verið, kváðu eigi jafnmenni þá Gísla og Hall og lögðu nú ámæli til við Barða, kváðust ætla ef þeir yrðu við staddir að meira mundi að gert, fara nú til hesta sinna og kváðust vilja hafa dögurð. Barði bað ekki hirða um dögurð.

Þeir kváðust ei vilja fasta "og það kunnum vér eigi ætla hve þér mundi undan ef þú hefðir nokkuð það gert er frami væri að."

Barði kvaðst ekki hirða hvað þeir ræddu.

Nú matast þeir.

29. kafli

Nú talast þeir við heima, Þorgautur og Þorbjörn og Ketill. Ræðir Þorgautur að mikið er að orðið "og mér er nær höggvið en þó sýnist mér sem ei muni minna við hlíta og vil eg að hvergi sé eftir riðið."

Þeir segja báðir að það skyldi aldregi verða. Þær heyrðu konur hvað mælt var og sendi Ketill þær út á Fróðastaði og Síðumúla að segja tíðindin og þá mætti hver öðrum segja þaðan frá svo að orð kæmist í Þverárhlið og um Norðurárdal að eftir þeim sé riðið er verkið hafa unnið og firri sig svo sektum og fjárlátum.

Þeir fara og taka hesta sína og ríða til Háavafells til Árna Þorgautssonar. Hann átti þar mágum að fagna. Var þar kominn Þórarinn Þverhlíðingur faðir Ástríðar konu hans. Þaðan ríða þeir fimm saman.

Það er nú að segja frá Þormóði. Hann fer nú upp fyrir sunnan ána þar til er hann kemur í Ás. Þá var fábyggt fyrir sunnan ána. Þar var mannfátt heima og voru menn farnir á Völlu en húskarlar á verki. Eiður sat að tafli og synir hans tveir. Annar þeirra hét Illugi en annar Eysteinn. Þormóður segir þau tíðindi sem orðin voru. Þá var brú á ánni uppi hjá Bjarnafossi og lengi síðan. Eiður fýsti ekki fararinnar en synir hans grípa til vopna sinna og ferðast. Fara þeir bræður til Þorgísl á Höggvandastöðum. Þá var og heim kominn Eyjólfur son hans, hafði þá og út komið um sumarið. Þormóður fer upp á Hallkelsstaði og kemur þar og segir tíðindin. Tindur var heima einn karla en komnir voru menn til smiðju. Sú kona bjó þar hið næsta er Þorfinna hét. Hún var kölluð skáldkona. Hún bjó á Þorvarðsstöðum. Hún átti sér son er hét Eyjólfur og bróður er hét Tanni er kallaður var hinn handrammi og ekki var hann sem mennskir menn að afli og svo hvortveggi þeirra og Eyjólfur systurson hans og voru fullhugar að áræði. Þeir voru komnir til smiðju til Tinds. En því var eigi komið á Gilsbakka að Hermundur var til skips riðinn og húskarlar hans. Þeir Tindur verða fjórir, Þormóður hinn fimmti. En það var síð dags. Synir Eiðs koma til Þorgils höggvanda. Þeir bregða við skjótt og fara þaðan sex saman. Þar var Eyjólfur son hans í för og fjórir menn aðrir.

30. kafli

Nú er frá því að segja hvað þeir Barði sjá tíðinda. Hann ríður fyrst þeirra og nokkuru harðast svo að hlið var á millum þeirra en þeir ríðu heldur tómlaga eftir og kváðu hann furðu hræddan vera. Nú sjá þeir mannaför eftir sér og sjá flokk eigi miklugi minna en þeir höfðu sjálfir og glöddust þeir förunautar Barða og hyggja gott til að þá mundi verða nokkuð sögulegt í um ferðina.

Þá mælti Barði: "Förum undan enn of hríð og eigi að minni von að það kostgæfi eftirförina."

Þá kvað Eiríkur viðsjá vísu:

Flykkjast frægir rekkar.
Fús er herr til snerru.
Þjóð tekr hart á heiði
herkunn dragast sunnan.
Fara biðr hvergi herja
harðráðr fyrir Barði
geira hreggs frá glyggvi
gunnnárunga sunnan.

"Eigi segir þú nú satt," segir Barði. "Það mælti eg að hver fari sem má þar til er vér komum til vígis þess er fóstri minn mælti að vér skyldum neyta í nyrðra flóanum."

En því gat Barði eigi á leið komið og kváðust þeir þá fülleltir er þeir komu til syðra vígis í flóanum. Sér Barði það að nú mun svo verða að vera og sneri nú í móti þeim. Kveðst hann munu eigi svo miklu fúsari undan að ríða heldur en þeir og skulu þeir þess samkvæðis gjalda. "Þó má nú eigi letja yður að eigi skulum vér fyrr renna í kveld en yður þykir mál og þér skuluð það mæla fyrr en eg að bíða eigi eða hvorigir ella."

Nú þykir þeim allvænt um. Hross sín létu þeir í nesið fram frá sér og settu þar til Koll-Grís að gæta. Hann var ekki styrjaldarmaður og af æskuskeiði var hann.

Nú kvað Eiríkur vísu:

Fast höldum vér foldu.
Fram þoki herra að snerru.
Látum randa vöð reyndan
ryðjendr í ben snyðja.
Skal eg, þó að sagt sé sunnan
sverðél taki að herða,
rjóðum hart á heiði
hjálmríð, úr stað bíða.

Á þeim degi var og farið eftir Hermundi á Völlu og var hann heim á för og hitta sendimenn hann á leið upp frá Þingsnesi. Hann lét og fyrir lið allan farangur sinn og biður hvern mann til farar með sér er komast mætti og biður sér liðs og ríður eftir þeim.

31. kafli

Nú hittast þeir sunnanmennirnir og Barði. Stíga þeir af baki. Hafa þeir Barði fylkt liði sínu um þvert nesið.

"Gangi nú engi fram úr þessum sporum," segir Barði, "því að mig grunar að fleiri manna mun von."

Það stóðst á, nesið þvert og fylking þeirra átján manna, og var einumegin að þeim gengt "og meiri von að þér náðið að reyna vopn," segir Barði, "og væri betra að hafa hið nyrðra vígið og ei mundi það til ámælis lagt, þótt svo gerðum vér, en betra til eftirmáls og ekki skulum vér enn ótta hér við gjalda."

Þeir stóðu með brugðnum vopnum. Á aðra hönd Barða stóð Þorbergur og á aðra hlið Gefnar-Oddur, þá bræður Barða út í frá.

Nú ráða þeir eigi svo skjótt á sunnanmenn sem þeir hugðu og meira lið var fyrir en þeir vættu. Þar var höfðingi Þorgautur, Þorbjörn og Ketill.

Þá mælti Þorgautur: "Ráðlegra er að bíða meira liðs. Hafa þeir haft ráð mikið er þeir komu fáir í hérað."

Nú ganga þeir ei að og er það sáu norðanmenn þá ætla þeir sitt ráð.

Mælir Þorbergur: "Hvort er Brúsi í liðinu?"

Hann segir að hann var þar.

"Hvort kennir þú sverð þetta er eg held hér á?"

Hann kvaðst eigi vita þess vonir "eða hver ertu?"

"Eg heiti Þorbergur en þetta sverð seldi mér Lygi-Torfi frændi þinn og hér af skaltu mart högg þola í dag að því er eg vildi. Eða hví sækið þér nú eigi að? Þér hafið þrúsamlega eftir sótt í dag að því er mér sýnist, riðið og runnið."

Hann segir: "Vera kann að það sé þar vopn er eg á en áður vér skiljumst í dag þá muntu lítt oss frýja þurfa."

Þá mælti Þorbergur: "Ef þú ert drengur fullur hvað skaltu þá bíða meira ofureflis?"

Þá tekur Barði til orða: "Hvað er tíðinda að segja úr héraðinu?"

"Þau tíðindi eru er þér munu góð þykja, víg Gísla bróður míns."

Hann segir: "Ekki löstum vér það og eigi þóttist eg allgrunsamega unnið hafa. Eða hversu er, þykist þú Ketill eða þið feðgar einskis eiga að hefna oss? Mig minnir að það var fyrir skömmu er þú komst heim Ketill færandi hendi föður þínum með bakbyrði. Nú ef þú manst eigi þá mun hér vera votturinn, þetta sama sverð. Er enn eigi heilinn þornaður á" - og skekur að honum sverðið - "þykist þú Ketill einskis eiga að hefna? Og sjá herna að eigi er heilinn þornaður á" og skekur þá enn að honum sverðið.

Þetta fá þeir eigi staðist og hlaupa nú að þeim. Þorbjörn hleypur að Barða og höggur á hálsinn og brast við furðu hátt og kom á stein þann í sörvínu er þokast hafði þá er hann tók hnífinn og gaf syni Njáls og steinninn brast í sundur og dreyrði tveim megin bandsins en það beit eigi.

Þá mælti Þorbjörn: "Tröll, er þig bíta eigi járn."

Nú lýstur þeim saman og eftir högg þetta hið mikla stýrir hann þegar í mót Þóroddi og eigast þeir við. Ketill gengur í mót Barða, Þorgautur og Þorbergur. Þar skortir eigi högg stór og áeggjun. Sunnanmenn höfðu lið minna og ótraustara. Nú er fyrst að segja viðskipti þeirra Barða og Ketils. Ketill var manna sterkastur og ofurhugi. Eigast við lengi. Kemur þar að Barði slæmir á síðu honum og fellur Ketill. Og nú hleypur Barði að Þorgauti og veitir honum banasár og hnigu þeir þar báðir fyrir því vopni er þeir áttu sjálfir. Nú er að segja frá Þorbirni og Þóroddi. Þeir gangast að í öðrum stað og skortir þar ei högg stór er hvorgi sparði við annan og voru flest ærið stór. Og eitt högg höggur Þóroddur til Þorbjarnar og af fótinn í ristarliðnum og ei berst hann að síður og leggur fram sverðinu í kvið Þóroddi og fellur hann og liggja úti iðrin. Þorbjörn sér nú frændur sína, hirðir nú ei um líf með örkumlum þessum. Nú snúa þeir fram synir Guðbrands í móti Þorbirni.

Hann mælti: "Leitið ykkur annars færís. Ekki hafði það ungmennis verið fyrr meir að keppast við oss."

Hleypur hann síðan að Barða og berst við hann.

Þá mælti Barði: "Þú þykir mér tröll er þú berst svo, að af þér er fóturinn. Er þetta sannara en það er þú mæltir við mig."

Þá segir Þorbjörn: "Eigi er það tröllskapur að maður þoli sár og sé eigi svo blautur að eigi verjist hann meðan hann má. Má það virða til drengskapar og væri það svo að virða en trylla menn eigi alls þú ert góður drengur kallaður. Og það skuluð þér til eiga að segja áður en eg hnígi í gras að eg nennti að vísu að neyta vopna."

Þar féll hann fyrir Barða og fékk gott orð. Nú skortir eigi sókn og sest þó með því að sunnanmenn láta undan.

Og það er sagt að maður hét Þorljótur, kappi mikill. Hann átti heima á Veggjum. Sumir segja hann frá Sleggjulæk. Hann barðist við Eirík viðsjá og áður þeir berðust kvað Eiríkur vísu:

Hlotið höfum, rjóðr, af reiði
randir, þuðra branda,
berum ei vægð að vígi
Veggbergr, saman leggja.
Mjög hef eg heyrt að hjarta
hug þínum við brugðið.

Nú skulum, foldar fjötra
fúrleynir, það reyna.

Þeir eigast við lengi og það segja menn að varlega sjái hraustari menn, hvortveggi manna mestur og sterkastur, vopnfærir vel og ofurhugar. Nú höggur Eiríkur til Þorljóts með sverði og brestur í sundur sverðið. Hann þrífur blóðrefilinn og höggur til hans og veitir honum mikið sár og hann fellur.

32. kafli

Nú er á hvíld nokkur og nú er sén reið manna sex. Þar var Þorgísl höggvandi og Eyjólfur son hans og synir Eiðs. Sjá nú vanrétti sinna manna að mjög hefir á vegist þeirra hlut og una nú illa við. Synir Guðbrands verða varir við að Eyjólfur er þar, biðja Barða veita sér að þeir nái hans lífi og hefna sín. En það hafði verið er þeir voru austur að hann hafði hrundið þeim úr loftriði nokkuru og í saurpytt ofan og höfðu þeir farið hneisulega, vilja nú hefna og hafa af því gert förina að upphafi með Barða, ef þeir næðu honum.

Nú segir Barði: "Þið eruð vaskir menn og mikils verðir og mikið tjón ef þið látist. Nú skulum vér enn við leita að yðvar vilji gangi fram. En biðja vil eg að þið gangið eigi úr fylkingu."

Þeir fá eigi stillt sig og hlaupa í mót honum í móinn á braut og berjast. Eyjólfur var hinn mesti kappi og frágerðamaður sem faðir hans, fullger að afli, reynt sig mjög í framgöngu. Og er atgangur þeirra langur og harður og lýkst með því að hvorirtveggju eru svo þráir og kappsamir og miklir fyrir sér að því liggja þeir allir dauðir að skilnaði. Synir Eiðs berjast og fast og ganga vel fram og hermannlega, Steinn og Steingrímur þar í móti. Og nú berjast þeir allir og gera mikið af sér og þar falla þeir synir Eiðs og var Barði nær staddur er þeir létu sitt líf. Þorgísl höggvandi hlífist ekki við, þykir sér mikill skaði ger í dauða sonar síns. Hann var mestur fyrir sér og betur vopnfær en aðrir menn, höggur á tvær hendur og þykir eigi betra líf en hel. Þeir eru mest til þess nefndir að framast hafi verið, Þorgísl og Eiríkur og Þóroddur. Þorgísl hlífir sér ekki og eigi var sá maður í því héraði er öllum þótti meira brautargengi að en honum. Þorgísl ræðst honum í móti, bróðir Þórodds, og eigast við lengi og ei skortir harðfengi hvorntveggja.

Og eitt högg höggur Þorgísl til hans úr brúnunum ofan nefið og mælti: "Nú fékkst þú gott mark og þér hæfilegt. Slíkt skylduð þér fleiri hafa."

Þá mælti Þorgísl: "Eigi er markið gott en meiri von að þori eg að bera hreystilega og lítt þurfið þér enn að hælást" og höggur til hans svo að hann fellur og er óvígur.

Nú verður á hvíld nokkur og binda menn sár sín. Nú er sén reið manna fjögurra. Þar var Tindur og Tanni, Eyjólfur og Þormóður. Og er þeir koma að eggja þeir mjög, voru sjálfir miklir ofurkappsmenn. Tekst nú bardagi hið þriðja sinn. Tanni ræðst í móti Barða. Tekst þar víg afburða fræknlegt. Tanni höggur títt og er enn sem fyrr að Barði er torsóttur og lýkur með því þeirra máli að Tanni fellur fyrir Barða. Eyjólfur gengur í móti Oddi og berjast þeir og er þar hvortveggi hinn besti drengur. Og nú höggur Eyjólfur til Odds og kemur á kinnina og í hvoftinn og verður það mikið sár.

Þá mælti Eyjólfur: "Vera kann að ekkjunni þyki versna að kyssa þig."

Hann segir: "Lengi hefir eigi gott verið en þó mun nú mikið um hafa spillst og þó kann vera að eigi segir þú þetta þinni vinkonu" og höggur til hans svo að hann fékk mikið sár.

Var hér sem fyrr að Barði var nær staddur og veitir honum skaða.

Þormóður Þorgautsson var og hraustur maður og gekk vel fram. Eyjólfur frá Borg réðst honum í mót og verður mjög sár. Og þótt þessir séu mest nefndir af Norðlendingum þá gengu þó allir vel og hraustlega fram fyrir því að þeir höfðu einvala lið. Og er þessir voru fallnir þá létti bardaganum.

Nú mælti Þorbergur að þeir skyldu undan leita og voru átta menn sunnan fallnir en þrír norðan. Nú spyr Barði Þórodd ef hann mundi fara mega með þeim. Hann lætur þess eigi von og biður þá undan ríða. Barði sér sárið. Nú sjá þeir liðið er sunnan fer sem í skóg sæi. Spyr Barði ef þeir vilji bíða. Þeir kváðust ríða vilja og svo gera þeir, ríða nú sextán saman og flestir sárir.

33. kafli

Nú er að segja frá Illuga. Hann kemur á vettvanginn og sér þar ný tíðindi og þó mikil. Þá kvað Tindur vísu er Illugi spurði hve margir þeir hefðu verið:

Háið hefir askr við aska
átján lagar mána
veðr böð-Gerðar virða
við hálfan tug þriðja.
En að eggja sennu
álmsvells boðar fellu.
Þá hygg eg lógstafi lágu
lauðhys nínu dauða.

Eiðs eru erfimeiðar
allbrátt í styr fallnir
og tveir að gny geira
Guðbrands synir handan.
Slíks bíðum vér síðan
sverðs, nema hefndir verði,
traust lið mitt, hið mesta,
móts aldregi bótir,
aldregi bótir.

Nú kemur Tindur þar sem Þóroddur lá og sér að hann var lífs og höggur hann þegar af honum höfuðið. Og er Illugi veit þetta þá mælti hann að hann hefir haft illt erindi, drepíð þann mann er einn var vænstur augnvottur um þetta eina í voru máli ef þeir hefðu hlaupið frá manningum en þeir mættu grið gefa honum, biður hann hafa mikla óþökk fyrir.

Nú ríður Illugi eftir þeim við hundrað manna og nú lýstur á mjörkva miklum og verða nú aftur að hverfa, lætur suður færa þeirra manna lík er fallnir voru. Mart var sárt orðið lið þeirra. Þeir voru mjög sárir Gíslungar, Árni og Fróði, Þormóður og Þórarinn. Nú ætlar Illugi menn til að gæta líkanna og vita ef þeir yrðu svo veiddir ef þeir gerðu eftir mönnum sínum og voru sex tígir manna eftir og gerðu tjald og sátu of hríð.

Barði kemur til Njáls og þaðan ríður hann út til Lækjamóts og hafa sama búnað sinn. Þeir hittast nú fósstrarnir og segir hann Þórarni tíðindin í hljóði og svo að þeir munu fara eftir líkum. Þórarinn segir að ei skulu þeir svo fá veitt þá og hríðir og illviðri skulu þá fyrir á braut keyra, "þeim varða við lög ef þeir búa ei um líkin," og fer þetta sem Þórarinn gat að þeim leiðist á fjöllum úti og fara heim.

Nú fer Barði í Ásbjarnarnes. Og er þeir ríða út eftir héraði ætla menn að konur ríði. Nú lifa fjórar vikur sumars. Ekki koma upp tíðindin fyrir alþýðu og skeyttu þeir mönnum ekki forvitni.

Nú ríður hann út til sáttarfundar er nefndur var áður hann fór heiman við þá höfðingjana að Klifum og fór með honum Guðrún kona hans því að hún skal hitta föður sinn og vita hvað hann vilji til leggja við Barða. Hún kemur á hans fund og rekur erindi sitt og tók hann því þungt. Þeir Barði ríða með sama búnaði og vissu menn ei tíðindi í för þeirra. Þeir Höskuldur biðu lengi á móttstefnunni og þótti örvænt að Barði mundi koma. Þeir voru fjölmennir og ætla nú á braut að ríða. Biður Höskuldur að sjá. Kemur Þórður eftir þeim, segir kynlega við bregða, segir konur þangað ríða. Höskuldur segir að eigi muni það vera. Þá gengur hann upp og sér reið manna. Barði og menn hans komu. Biður Þórður. Höskuldur gengur í móti þeim og Eilífur senn og heilsa Barða. Þeir taka hjal.

Segir Barði: "Muntu um málaferli þessi einn ráða?"

Höskuldur svarar: "Eg mun gera og þó ekki fé þér á hendur en eg mun sæma þingmann minn. En fyrir það Barði að þú hafðir hóf við munum vér til leggja við þig til tveggja vætta hvals. Eða hvað ætlar þú þína meðferð?"

Barði segir: "Setu ætlum vér að hafa í Ásbjarnarnesi með vorum mönnum og þeim er við fást."

Barði þakkar honum sitt tillag ... gengur hann heim en þeir Barði ríða og segja nú tíðindin fyrir alþýðu. Nú stíga þeir á bak hestum sínum, Þórður frá Breiðavaði og Þorvaldur, ríða eftir þeim og heilsa.

"Barði," mælti Þórður, "ekki þykist þú laun mín þurfa er þú kvaddir mig eigi til ferðar með þér."

Hann segir: "Ekki þóttist eg alls til skyldur og enn máttu oss að miklu haldi koma."

"Oxa vil eg gefa þér og sauð gamlan."

Þorvaldur gefur tólf geldinga og skiljast góðir vinir.

Nú kemur Barði síðla til Víðidals til Bjarnar og heilsar hann honum og bauð eigi löð. Síðan talar Barði við Guðrúnu konu sína. Hún kveðst alla vega eftir hafa leitað og segir Björn vilja honum ekki gott gera sakar Guðrúnar.

"Björn," segir hann, "hvað viltu leggja til í sláturinn við oss ef vér aukum nokkuð hjón vor?"

Björn mælti: "Ekki mun eg til leggja því að eg em einkis um skyldur."

Nú eiga menn hlut í við Björn og fékkst ekki gott af honum.

Barði mælti: "Hvorigir munu þá vel hafa og munu þeir gjalda er ófallið er. En þann hlut skal gera er þér er óvirðulegastur."

Nefnir Barði sér þá votta og segir skilið við Guðrúnu dóttur hans "og finn eg það til saka," segir Barði, "að þú ert miklu meiri níðingur en duganda manni sami að eiga þig að mág og muntu hvorki ná af mér mund né heimanfylgju."

34. kafli

Nú heyra þeir gný mikinn að menn ríða margir til árinna. Var þar kominn Þorgils Arason norðan um land frá brúðhlaupi sínu og Snorri goði með honum og ríðu saman átta tígir manna.

Þá mælti Barði: "Tökum ofan búnað vorn og ríðum í flokkinn og aldrei meir en einn senn og munu þeir ekki í ráða er myrkt er."

Ríður Barði að Snorra goða og hefir grímu á höfði sér og hjalar við hann á vaðinu og segir honum tíðindin. Nú ríða þeir af ánni.

Þá mælti Snorri: "Þorgils," segir hann, "hér viljum vér æja og eiga dvöl og hjalast við áður vér skipum oss á gistingar."

Þeir Barði ríða hjá flokkinum og ráða menn ekki í það. Þorgils ætlar um kveldið á Breiðabólstað.

Og er þeir höfðu niður sest þá mælti Snorri: "Það er mér sagt Þorgils," segir hann, "að engi maður mæli jafn vel fyrir griðum sem þú og önnur lögskil."

"Lítills er um það vert," segir Þorgils.

"Nei," segir Snorri, "mikið mun til haft er einmælt er um."

Þorgils segir: "Eigi er frá haft að eg mæli betur fyrir griðum en aðrir menn og má þó lögfullt vera."

Snorri mælti: "Það vil eg að þú látir mig heyra."

Hann segir: "Hver þörf er þess? Eru hér nokkurir missáttir?"

Hann kveðst aldregi það vita "en aldregi er því misráðið og ger sem eg vil og skeyt mér forvitni."

Þorgils segir að svo skal vera.

Hann tók þá til máls: "Það er upphaf griðamála vorra að guð sé við oss alla sáttur. Vér skulum og vera menn sáttir vor í millum og samværir að öldri og að áti, á þingi og á þjóðstefnu, að kirkna sókn og í konungs húsi og hvervetna þar er manna fundir verða. Þá skulum vér svo sáttir sem aldrei hafi fjandskapur vor í millum verið. Vér skulum deila kníf og kjötstykki og alla hluti vor í milli sem frændur en eigi fjándur. Ef sakar gerast héðan af á milli vor, þær skal fé bæta en eigi flein rjóða. En sá vor er gengur á gervar sættir eða vegur á veittar tryggðir þá skal hann svo víða vargrækur og rekinn sem menn víðast varga reka, kristnir menn kirkjur sækja, heiðnir menn hof blóta, eldar upp brenna, jörð grær, mögur móður kallar, skip skríður, skildir blika, sólskin snæ lægir, Finnur skríður, fura vex, valur flýgur vorlangan dag standi honum beinn byr undir báða vængi, himinn hverfur, heimur er byggður, vindur vex, veitir vatn til sjóvar og karlar korni sá. Hann skal firrast kirkjur og kristna menn, guðs hús og guma, heim hvern nema helvíti. Tekur hver vor tryggðir við annan fyrir sig og sinn erfingja, alinn og óborinn, getinn og ógetinn, nefndan og ónefndan, en hver veitir í mót tryggðir og ævintryggðir, mætar tryggðir og megintryggðir þær er æ skulu haldast meðan moldir og menn lifa. Nú erum vér sáttir og sammála hvar sem vér finnumst á landi eða á legi, skipi eða á skíði, í hafi eða á hestbaki, árar að miðla og ausskotu, þóftu og þilju, ef þarfar gerast, jafnsáttur hver við annan sem sonur við föður eða faðir við son í samförum öllum. Höfum nú lófatak að tryggðamálum og höldum vel tryggðir að vilja Krists og að vitni allra manna þeirra er nú heyrðu tryggðamál. Hafi sá guðs hylli er heldur tryggðir en sá gremi guðs er rýfur réttar tryggðir en hylli sá er heldur. Höfum heilir sæst en guð sé við alla sáttur."

35. kafli

Og er Þorgils hafði lokið að mæla fyrir griðum þá mælti Snorri: "Haf þökk fyrir vinur. Stórvel er mælt og það sýnt, sá er á bak gengur er að vísu griðníðingur og sé hann við staddur."

Nú segir Snorri tíðindin, þau sem orðin voru, og það að þeir Barði voru þar komnir í flokk þeirra Þorgils. Þar voru margir vinir sunnanmanna og náfrændur. Þorgils hafði og átt fyrir Grímu Hallkelsdóttur, systur Illuga hins svarta.

Þá mælti Þorgils: "Vel hefðum vér mátt missa þín, Snorri, nú að sinni."

Hann svarar: "Eigi er það góði vinur. Ærin eru nú orðin vandræði með mönnum þótt hér nemi staðar."

Þorgils vill nú eigi ganga á grið þessi er hann hefir sjálfur fyrir mælt og skiljast menn nú.

Ríður Snorri frá með tuttugu menn og Barði með honum og hans menn til Lækjamóts og tekur Þórarinn vel við þeim og eru nú kátir, ráða nú ráðum sínum að . . .

(Hér hefst blað sem skorið var úr skinnbókinni áður en hún var flutt til Svíþjóðar árið 1683 og kom í leitirnar í Reykjavík árið 1951 máð mjög, einkum öðrum megin.)

... a ... og níu gamla ... að ... seld ... við ... ek ... mót ... og tíðindalaust vetur þenna ... manna ... var hans lið allharðsnúið og vel vopnað.

36. kafli

Nú er að segja af sonum Gils og þeim frændum að þeir una illa við ... miklu látið hafa og feng ... og koma til Hermundar á Gilsbakka löngum því að traust allt áttu þeir undir Illuga ... einn til ... ðir ... Barða norðan til Háavafells ... vald að ... g ... dar ... sér ... norð ... ðr ... orð ... da ... og bi ... skil ... H ... í ... vera ... nst ... ðia ... fio ... st má við einn eld h ... io ... hann ... s ... um nótt að finna menn og segir að hann vill ganga til Lögbergs miðvikudag í mitt þing og vill þá láta fjölmenna sig. Engi voru þá önnur stór mál á þingi og um þetta var mönnum tíðhjalað hve lúkast mundu mál þessi og mikið rætt um Barða.

Barði fer við níu hundruð manna til Lögbergs miðvikudag í mitt þing og nú er þar eru komnir höfðingjar þá fékkst brátt hljóð og var eigi svo máluð sem fjölmennið var mikið. Það er sagt að Barði tekur til máls.

37. kafli

Á þá leið segir hann að "vera má svo að menn virði þann veg að mér leiðist í seinna lagi að mæla hér að Lögbergi. Eigi er það fyrir þá sök að eg sé málsnjallur maður heldur ber mér til handa mikinn vanda oft af málum. Nú vættir mig að flestum mönnum sé kunnigt hversu vor viðskipti hafa farið og þeirra manna er oss hafa í mót staðið. Þykjumst vér hafa haft við langa þolinmæði, þá harma er oss voru gervir, og fengum þar í mót spott og háð þá er oss var andstefnt þá er vér beiddum bóta fyrir frændur vora og þar með óþokka af frændum og tengdamönnum og þar í frá út öllum jafnsaman er vér vorum eigi svo bráðir í hefndum. Og er vér áttum öngra yfirbóta að vænta þá réðum vér til hefnda nokkuru meir með kappi en forsjá að ráðast með ófriði í önnur héruð með fá menn. Og nú kom svo að vér fengum þar meira hlut og fór eftir málefnum. Nú má vera að þeir þykist nokkuð við oss eiga að ræða er fyrir tóku leið af voru máli. Nú viljum vér annars háttar svör veita en þeir gerðu við oss, bjóðum á vitra manna dóm og góðgjarnra. Viljum vér svo til lykta færa vort mál að leggja þetta fyrir vora hönd í

þann dóm er vænst er að best megi haldast og sjatna mætti ófriðurinn."

38. kafli

Þá svaraði Tindur: "Fjölmennari ert þú nú en hjá Dofansfjöllum. Þykist þú nú eiga meira traust en þá hafðir þú aðra fyrir þér."

Barði svarar: "Þess minnir mig að þú mundir þá koma í síðasta lagi til þess fundar er vér hittumst og ganga eigi vel fram."

Síðan bregður Barði sverði er hann hafði í hendi.

"Þetta munt þú kenna er þér frændur hafið átt og oft hefir gjarnan verið til lagst og er það ókynlegt og skörð eru nú mörg í er brotnaði ...

(Hér lýkur blaðinu og skinnbókarbrotið tekur við að nýju.)

... hjóltum laust eg þig fyrir því að mér þótti ekki annað að þér geranda."

Þá stendur upp einn gamall maður og var þar Eiður Skeggjason og mælti: "Kunnum vér mikla óþökk að menn skattyrðist hér hvort er það gera vorir menn eða aðrir. Til einkis kemur það góðs en oft gerist illt af því. Skyldu menn það mæla hér að til sátta væri. Ætlum vér að eigi muni aðrir meir eiga eftir sínum hlut að sjá eða öðrum muni stóru meiri harma leitað en mér. Sýnist oss þó það ráð að sættast. Munum vér því eigi vorkynna öðrum þó að hér skattyrðist. Er það og vænst til að illa gefist sem fyrr að velja mönnum hneisuleg orð."

Hann fékk góðan róm að sínu máli. Er nú leitað hverjir vænstir séu um sættir að leita. Snorri er til nefndur að mest leitaði um sættir. Hann var þá mjög hniginn. Þorgils var annar maður, vinur Snorra. Þeir áttu systur tvær og ræddu svo hvorirtveggju að slegið mundi í gerð og í mannjöfnuð en menn höfðu sárt haldið frændum sínum.

Kunnum vér nú eigi annað segja en til mannfagnaðar voru menn lagðir er fallnir voru og var Snorri tekinn til gerðar af hendi Barða og Guðmundur Eyjólfsson, Þorgils Arason og Illugi af hendi sunnanmanna, ræddu nú þetta sín á milli hvað vænlegast væri til sætta. Nú sýndist það að menn skal leggja til mannfagnaðar, synir Eiðs og synir Guðbrands en Þóroddur Hermundarson og Þorbjörn. Þeir voru jafnir. Borgfirðingum þótti freklega horfa við Hall Guðmundarson og hurfu frá og rufu sættir er þeir vissu áhuga Barða.

En frá málalokum er að segja að synir Þorgauts, Ketill og Gísli, voru jafnir við Hall Guðmundarson en alls fórust níu menn sunnan. Þá eru fjórir norðan við fimm Gíslunga fyrir því að kynsmunur var mikill og létu frændur Barða sér eigi annað líka. En þá var rætt við hvoratveggju hvað þá var vænst. Þá voru fjórir óbættir sunnanmenn, Þorgils og Eyjólfur son hans, Tanni hinn handrammi og Eyjólfur systurson hans.

En Barði sagði að hann var engi auðmaður né þeir bræður eða frændur þeirra "og eigi munum vér biðja oss fjár til bóta."

Snorri svarar: "Eigi mun hér þó hvorki koma fé né mannsektir."

Barði svarar að hann vill eigi því neita að menn færu utan og ættu þó útkvæmt og færu því fleiri "og er sá einn er eigi er fær. Skal fé fyrir hann gjalda en þó kann vera að þér þykist nokkuð saknæmt við hann eiga. Grís félagi vor mun ekki vera sakbitinn. Hesthöfði er býr þar er nú heitir að Stað í Skagafirði,

hann er frændi hans. Hann tók með honum."

Það komst á leið að sættir verða að því og kom það helst saman með þeim að þeir færu utan og þykir það helst nokkur nafnbót vera alls Barði var eigi bitur á fébætur. Væntu þeir að heldur mundi sjatna ófriðurinn og þótti sér það eigi minni sæmd að þeir væru utan og þótti vitrum mönnum þá líklegast til að sjatna mundi þeirra ofsi, svo mikill sem var, að séu eigi fyrst samlendir. Fjórtán menn skyldu utan fara, þeir sem verið höfðu að Heiðarvígi, og vera utan þrjá vetur og eiga útkvæmt hið þriðja sumar en ekki skyldi fé til farningar þeim og var sæst á málin fyrir dóma. Og sú var virðing á að Barði þótti haldið hafa fullan hlut og þeir er honum veittu, í svo óvænt efni sem komið var um hríð.

39. kafli

Nú sendir Barði menn heim í hérað. Þeir höfðu selt land sitt af hendi og bú ef þessar yrðu málalyktir er áður var eigi ráðið það. Sá maður hét Þóroddur og kallaður kergarður, ekki vinsæll. Hann skyldi hafa þrjá vetur. Hann var frændi þeirra Guðmundarsona, auðigur að fé. Var nú ráðið að kalla kaup þeirra.

Nú kemur skip af hafi í Blönduós er átti Halldór fóstbróðir Barða. Nú koma menn heim af þingi. Og er Halldór spyr að Barði skal utan lætur hann bera farminn af skipinu og flyst upp í Hópið fyrir hús Barða. Verður þar fagnafundur.

"Frændi," segir Halldór, "þú hefir vel í höndum við mig, veitt mér oft mikið, styggst og ekki við er eg fór eigi. Nú heit eg þér nokkuru tillagi. Skalt þú nú það heyra. Skip þetta vil eg gefa þér með rá og reiði."

Barði þakkar honum, þykir hann stórmannlega gert hafa. Býr hann nú þetta skip og er með honum hálfur þriðji tugur manna, verða heldur síðbúnir, láta í haf og eru ellefu dægur úti. Verður á þá leið að þeir brjóta skipið norður við Siglunes og týna þeir miklu. Menn haldast.

Guðmundur gamli var riðinn út á Galmarsströnd og spyr tíðindin og hvatar heim.

Og um kveldið mælti Eyjólfur son hans: "Vera má nú að Barði sé fyrir handan er héðan of sér."

Sögðu margir að það var eigi ólíklegt.

"Hversu mundir þú háttá," segir hann Eyjólfur, "ef hann væri afturreka orðinn?"

Hann svarar: "Hvað sýnist þér ráð?"

Hann mælti: "Bjóða þeim öllum heim til vistar, það væri þínslegt."

Guðmundur svarar: "Mikið er þér í hug og eigi veit eg að það sé óráðlegt."

Hann svarar Eyjólfur: "Mæl manna heilastur. Eg kann segja þér að þeir Barði eru afturreka orðnir og brotið í spón við Siglunes en týnt mestum hlut fjárins. Mun þér að þessu verða virðing" og tekur fyrir munn honum.

Guðmundi þykir eigi enn betur og lætur hann ráða.

40. kafli

Eyjólfur gerir ferð sína og hefir hálfan þriðja tug hesta í mót þeim og hittir þá á ströndinni. Eyjólfur kveður þá vel og biður þá fara heim með sér að ráði föður síns. Þeir gera svo, skipa þar annan bekk um veturinn og er Guðmundur reifur við þá og veitir þeim stórmannlega og vel. Þetta spyrst víða. Einar Járnkeggjason býður þeim þar og oft að vera með sér og eru þeir nú kátir. Er nú til þess að taka, er Þórarinn réð, að menn voru þeir með Barða er mikils voru verðir og mikils áttu kosti, láta nú gera eftir fé sínu vestur og ætla enn utan um sumarið.

41. kafli

Það var um veturinn að maður spurði Eirík skáld að atburðum og hversu mikið mannfall yrði.

Hann kvað vísu:

Lágu lýðar frægir
lögðis skeiðs á heiði,
lind sprakk í rym randa
rauð, ellefu dauðir.
Hitt var áðr, er auðar
ógnar gims í rimmu,
jókum sókn við sæki
sárþíslar, fékk Gísli.

Enn verður þess dæmi að nú var spurt hve margir fallnir voru af hvorum.

Hann kvað vísu:

Þrír hafa alls af óru
ítrstalls liði fallið,
vér ruðum sverð í sárum,
sigrborðs viðir norðan.
En fúrþollar fellu
Fjölnis seiðs á heiði,
gerðist grimmt með fyrðum
gunné, níu sunnan.

Þá verður um rætt að mjög hefði á vegist þeirra lið, sunnanmanna.

Þá kvað hann vísu:

Styrr lét snar og Snorri
sverðþing háið verða,
þar er gnýverðir gerðu
Gíslunga hlut þungan.
En varð eigi in minna
ættskarð, það er hjó Barði,
fell geysla lið Gísla,
gunnnárunga sunnan.

42. kafli

Nú tóku þeir fé sitt, félagar Barða, og bjuggust til utanferðar með góðan fjárhlut. Barði sendir orð og þeir bræður að þeir vilja hafa land sitt og selja, þykjast þurfa lausafé. Hann vill eigi láta laust landið, vill að kaupið sé sem ætlað var. Verða nú annaðhvort að missa fjárins eða drepa hann. Nú segir Eyjólfur að hann mun fá þeim jafnmikil fé sem land er vert en hann eigi við hann, kveðst skulu annaðhvort á því sumri hafa drepit hann eða rekið af landinu og kastað sinni eign á.

Barði kaupir skip er uppi stóð í Húsavík. Fóru þá utan og leiddi Eyjólfur þá virðulega í braut og ferst nú vel og kemur af hafi norður í Þrándheimi í Kaupangi, lætur nú upp setja skip sitt og búa um vel. Ólafur konungur hinn helgi réð þá fyrir Noregi. Var hann í kaupbænum.

Barði gengur fyrir konung og hans förunautar, kvöddu konung vel sem sæmdi "og er á þá leið herra," segir Barði, "að vér vildum vera veturgestir þínir."

Konungur svarar á þá leið: "Vér höfum frétt til þín Barði," segir hann, "að þú ert ættstór maður og mikill fyrir þér og þér eruð vasklegir menn og hitt í nokkur stórræði og rekið harma yðvarra og verið þó lengi fyrir og þó hafið þér nokkuð forneskju og þess konar átrúnað sem oss er óskaptíður. Og fyrir þá sök að vér höfum það svo mjög frá oss skilið þá viljum vér eigi taka með yður. En þó skulum vér vera vinir yðrir Barði," segir hann, "og mun nokkuð mikillegt fyrir yður liggja. En það kann oft verða er menn hitta í slíka hluti og verður svo mikið rið að ef nokkuð verður við blandið forneskju að menn trúa á það of mjög."

Þá mælti Barði: "Ei er sá maður," segir hann, "er eg vildi heldur minn vin en yður og kunnum vér þökk þinna ummæla."

Barði hefir þar bæjarsetu um veturinn og virðist öllum vel. En um vorið býr hann skip sitt til Danmerkur og er þar vetur annan í góðu yfirlæti. Og nú er ekki getið tíðinda.

Eftir þetta býr hann skip sitt til Íslands og komu fyrir norðan land út og voru mjög svo félausir. Guðmundur var þá andaður og kom Eyjólfur þá í mót þeim og bauð til sín og síðan fór hver til sinna heimkynna er allir voru sýknir. Eyjólfur gefur þeim bræðrum upp föðurleifð sína og lýsti enn stórmennsku sína sem fyrr og veitti þeim engi maður jafnmikið lið sem hann.

Barði fer til mágs síns Guðbrands. Hann var bæði auðigur og kynstór og kallaður nokkuð féfastur. En bræður Barða fóru til Borgar hinnar syðri til Eyjólf's mágs síns. Þá var fóstura þeirra dauð. Nú keypti Eyjólfur allt land undir þá bræður og leysir Barða frá með lausafé. Setja nú bú saman á föðurleifð sinni og urðu ellidauðir, nýtir menn og ei jafnmiklir sem ættin þeirra og báðir kvongaðir og menn frá þeim komnir.

43. kafli

Barði ríður til þings eftir er hann hafði einn vetur verið hér á landi. Þá bað hann sér konu. Sú hét Auður, dóttir Snorra goða, og er hún föstnuð honum og skyldi brúðlaup vera um haustið í Sælingsdal að Snorra goða föður hennar. Eigi er á kveðið hve mikið fé henni skyldi heiman fylgja en líklegt að vera mundi góður sómi. Hún var skörungur og unni Snorri henni mikið. Móðir hennar var Þuríður Illugadóttir hins rauða.

Barði ríður til Vatnsdals um þingið til mága sinna og unir vel við sína ferð og hefir góða virðing af mönnum. Og fór eftir því sem vitrir menn höfðu fyrir séð að sætt manna hélst sem á var kveðið og er ekki getið þeirra viðskipta síðan.

Nú býr Snorri veisluna um haustið sem ætlað var og kemur þá fjölmenni mikið og fer hún fram skörulega sem von var og er Barði þar um veturinn og bæði þau. En um vorið fara þau í braut með allt sitt og skiljast þeir góðir vinir, Barði og Snorri, og fer hann nú norður í Vatnsdal og er þar með Guðbrandi mági sínum.

Og að vori býr hann ferð sína, kaupir skip og fer utan og kona hans með honum og er sagt að honum greiðist vel ferðin og kemur af hafi norður við Hálogaland og er þar um veturinn í Þjóttu með Sveini Hárekssyni og var vel virður og þóttust menn sjá á honum stórmennsku og virti hann þau bæði mikils.

44. kafli

Svo bar til einn morgun er þau voru úti í skemmu bæði að Barði vildi sofa en hún vildi vekja hann og tekur eitt hægindi lítið og kastar í andlit honum svo sem með glensi. Hann kastaði braut og fer svo nokkurum sinnum. Og eitt sinn kastar hann til hennar og lætur fylgja höndina. Hún reiðist við og hefir fengið einn stein og kastar til hans.

Og um daginn eftir drykkju stendur Barði upp og nefnir sér votta og segir skilið við Auði og segir að hann vill eigi af henni ofríki taka né öðrum mönnum. Ekki tjáir orðum við að koma, svo er þetta fast sett.

Er nú fjárhlutum skipt þeirra í milli og hann ræðst þaðan í braut um vorið og lætur eigi af ferð sinni fyrir en hann kom í Garðaríki og gekk þar á mála og var þar með Væringjum og þótti öllum Norðmönnum mikils um hann vert og höfðu hann í kærleikum með sér. Ávallt er konungs ríki skal verja er hann í leiðangri og fær gott orð af hreysti sinni og hefir um sig mikla sveit manna. Þar er Barði þrjá vetur í mikilli sæmd frá konungi og öllum Væringjum.

Og eitt sinn er þeir voru á galeiðum við her og vörðu enn konungs ríki þá kom að þeim her. Gera nú bardaga mikinn og fellur mjög lið konungs er við ofurefli var að brjótast og gerðu áður mörg stór verk. Og þar féll Barði við góðan orðstír og hafði drengilega neytt sinna vopna til dauða.

Auður var gift öðrum ríkum manni, syni Þóris hunds er Sigurður hét, og eru þaðan komnir Bjarkeyingar, hinir ágætustu menn.

Og lýkur þar þessi sögu.